

Langþráður draumur

Langþráður draumur er orðinn að veruleika; söngbókin okkar Hjallastefnufólks með öllum gömlu og góðu lögnum og líka nýjum og spennandi lögum og allt með gítargripum! Getur lífið verið okkur betra? Að auki fylgja tveir diskar með tónlistinni með mörgum laganna. Bæði með söng, til að lag og ljóð lærist vel og svo með undirleiknum einum og sér, fyrir söng barnanna.

Með þessu framtaki hefur Hjallastefnan skapað viðeigandi umgjörð um það stórkostlega ævintýri sem samsöngur barna og fullorðinna er og allt hefur verið gert til að niðurstaðan verði sem best. Munum að vellíðan okkar allra eykst um 400% með að syngja af hjartans list og lyst góða stund. Sú virðing sem útgáfan sýnir tónlist Hjallastefnunnar er líka í fullkomnum samhljómi við þá áherslu sem við höfum alla tíð lagt á söng og tóniðkun í skólunum okkar. Bæði „lítil“ og „stór“ lög og ljóð og allar gerðir sönglaga eru með, enda er engin ein tegund tónlistar sú eina rétta fremur en nokkuð annað í Hjallastefnunni. Það er sönggleðin sem gildir og útgáfan ber auðvitað nafnið „Glatt á Hjalla“ eftir fyrstu söngbók Hjalla í árdaga Hjallastefnunnar.

Bestu þakkir, stórkostlega Hjallastefnufólk sem hafið byggt upp söngmenninguna okkar og sett okkur í fremstu röð í tónlistarstarfi. Bestu þakkir allir snillingar sem hafið unnið að verkinu: tónlistarfólk, tækni fólk og útgáfufólk! Við hin þrífum fram hljóðfærin, hitum röddina og tókum lagið!

Margrét Pála Ólafsdóttir

Tónlist, söngur, gítarspil og fjör

Þegar við viljum skapa notalegt og rólegt andrúmsloft og stemningu er tónlistin mikilvæg! Í upphafi og lok dags er kjörið að setja t.d Chopin í geislaspilarann eða einhverja undurfagra tónlist. Jákvæð áhrif tónlistar á börn er ótvíræð: hún eykur þroska þeirra á margan hátt s.s vitsmunalegan (hlustun/skilningur/listsköpun), félagslegan (samspil/samsöngur/) og líkamlegan (dans/hreyfing) og svo mætti lengi telja.

Einhverjir kennarar halda því fram að þeir séu ekki músíkalskir og kunni ekki að syngja, velja tónlist við hæfi hvað þá að spila á hljóðfæri og ýta sjálfkrafa frá sér öllu sem við kemur tónlist. Ég get sagt ykkur leyndamál: "Æfingin skapar meistarann!" Það höfum við oft heyrt áður og við vitum að það er satt. Þegar ég byrjaði að vinna á Hjalla (í fyrndinni) var ég þess fullviss um að ég gæti aldrei spilað á gítar. Ég man þegar ég hélt á gítarnum í fanginu og sló á strengina og hugsaði með mér „Hvernig er hægt að fá hljóma úr þessu, vááá?“ Ég varð mér úti um nokkur grip og byrjaði á "Litlu andarungunum" þar sem þar eru einungis tveir hljómar. Það eru margir sem byrja á þennan hátt, æfa sig heima og ná svolitlum tókum á þessu en gera kannski ekkert meira. Finnast þeir ekki nógu flinkir og sleppa því að prófa að spila fyrir framan aðra.

Við erum heppin að vinna í Hjallastefnuskólum og vera í umhverfi þar sem við erum alltaf að vaxa í starfi - þar sem við fáum gott rými til að æfa kjark, þor og framkomu. Með þetta í farteskinu hafði ég byggt upp nægjanlegt hugrekki til að láta vaða og æfa mig fyrir framan barnahópinn og samstarfsfólk mitt. Ég er sko enginn snillingur á gítar (kann nokkra hljóma en það er nóg til að hafa gaman) en ég hvet ykkur frábæru kennarar til að demba ykkur í að taka fram gítarinn og æfa ykkur á plássum, gera mistök og leyfa börnum og kennurum að vera með. Það er gott að vera fyrirmynd og segja: „úps gengur betur næst!“ ef eitthvað fer úrskeiðis. Því fleiri sem spila, því skemmtilegra. Söngbókin okkar er byggð á einfaldleika og gagnsæi eins og Hjallastefnan í heild sinni. Flest löggin eru okkur kunnug og hljómarinnir sem hafa verið settir við eru að einhverju leyti einfaldaðir til að gera sem flestum kleift að byrja að spila.

Gott gengi!

Ágústa María Arnardóttir

Efnisyfirlit:

Á ég heima.....	4
A og b (Grísinn dátt galar kátt)	4
Á Sprengisandi	4
Að gæta hennar gildir hér og nú	5
Áður en við kveðjum	5
Allir hafa eitthvað til að ganga á.....	5
Amma og draugarnir	6
Aníkuní.....	6
Ást.....	7
Ást grær undir birkitré	7
Ausulagið	7
Babú babú	8
Bíum, bíum, bambaló.....	8
Bjarnastaðabeljurnar.....	9
Broslagið.....	9
Dagur er risinn	9
Dalakofinn.....	10
Druslulagið.....	10
Dómar heimsins.....	11
Dýravísur	11
Ég er kominn heim.....	12
Ef þig langar.....	12
Ef þú ert súr	13
Ég bið að heilsa	13
Ég heyri svo vel	14
Ég nestispoka á baki ber	14
Ég spila á trommu og líður svo vel.....	14
Ein sit ég og sauma	14
Ein stutt - ein löng.....	15
Einn og tveir og þrír	15
Einu sinni á ágústkvöldi	15
Ekki fýlu bara hress	15
Elsku-lagið	16
Fimm litlir apar	16
Fingurnir.....	16
Eniga meniga.....	16
Ferskeytlur	17
Fósturlandsins Freyja	17
Fram, fram fylking	18
Frjálst er í fjallasal.....	18

Frost er úti fuglinn minn (hefðbundna útgáfan)....	18
Frost er úti fuglinn minn	18
Furðuverk.....	19
Gamla uglan	19
Gamli Nói.....	19
Ging gang gooli.....	19
Gengur betur næst.....	20
Góða tungl	20
Grænmetisvísur	20
Gull og Perlur.....	21
Göngulagið	21
Gráðug kelling og svangur kall	21
Haldið ekki að Halli komi... ..	21
Hanarnir tveir	22
Handa mér og þér (Litill heimur ljúfur hýr)	22
Háttatími á himnum.....	23
Hér búálfur á bænum er.....	23
Hnátutátublús.....	23
Hér kemur Lillimann	23
Hoppa hoppa	23
Hresstu þig við	23
Hvað ætlar þú að verða væni?	24
Hvar er húfan mín?	24
Húsamúsarvísa.....	25
Hvar er?	25
Í rigningu ég syng	25
Hver á sér fegra föðurland	25
If you're happy and you know it.....	26
Íslandsvísur (Ég vil elska mitt land)	26
Ísland er land þitt	26
Ísland ögrum skorið	27
Konkattre kalle	27
Konan sem kyndir ofninn minn	27
Krummi svaf í klettagjá	28
Kveikjum eld	28
Kisutangó.....	28
Kvæðið um fuglana.....	29
Líkar þér við minn... ..	29
La cucaracha	29
Labbað í fjörunni	29
Lína Langsokkur	30
Litill heimur	30

Lítið, lasið skrímsli	31	Til veiga	42
Lóan er komin	31	Tilfinningablús	42
Lygaramerki á tánum (Láttu aftur augun þín)	31	Um landið bruna bifreiðar	43
Maístjarnan	32	Undradrekinn Askur	43
Með sól í hjarta	32	Undir bláhimni	44
Malaika	32	Ungarnir fimm	44
Myndin hennar Lísu	32	Upp á grænum, grænum	44
Nú er frost á Fróni (Þorrapræll 1866)	33	Út um mela og móa	44
Nú er úti norðanvindur	33	Úti er alltaf að snjóa (Söngur jólasveinanna).....	45
Nú tjalda foldin fríða.....	34	Upp, upp, upp á fjall.....	45
Óðurinn til gleðinnar.....	34	Vikivakar	45
Pompulagið.....	34	Við eigum hvor annan að.....	46
Óskasteinar.....	34	Vertu til er vorið kallar á þig	46
Pálína með prikið	34	Við göngum mót hækkandi sól	46
Rigningardagur í nóvember	35	Vísurnar um refinn	47
Saknaðarljóð.....	35	Vorvindar glaðir.....	47
Signir sól.....	35	Vögguvísa.....	47
Sjö litlar mýs	36	Völuvísa	47
Sjóaralag.....	36	Öxar við ána	48
Skýin	37	Það besta er lífið býður þér.....	48
Skessu vöggusöngur	37	Það var einu sinni api	48
Skammarsöngur Soffíu frænku.....	37	Það er munur að vera hvalur	48
Skólasöngur Barnaskóla Hjallastefnunnar....	38	Það sem ekki má	49
Skólasöngur Hjallastefnunnar (í skóla er gaman)38		Þungt ymur Þorrinn.....	49
Sól sól skín á mig.....	38	Þegar hnígur húm að þorra.....	50
Skrugguskrytin vísa	39	Þið þekkið fold Error! Bookmark not defined.	
Sóleyjarkvæði	39	Þýtur í laufi.....	50
Sólin skín og skellihlær	39	Á jólnum er gleði og gaman	51
Sofðu unga ástin mín.....	40	Fimm mínútur í jól.....	51
Spilað á trommuna.....	40	Bjart er yfir Betlehem	51
Strengir	40	Bráðum koma blessuð jólin.....	52
Syngjandi geng ég allsstaðar.....	41	Folaldið mitt... ..	52
Sumarkveðja.....	41		
Söngur dýranna í Týról	41		
Söngur ræningjanna	42		
Táp og fjör og frískir menn (Á fætur).....	42		

Á ég heima

Lag: Ísraelskt lag Texti: Sigríður Ása / Birte Harksen

am
Á Íslandi á ég heima
dm
á Íslandi á ég heima
E am
og þar ég ligg og læt mig dreyma
E am
að börn frá öllum löndum saman leiki sér.

(svo eru öll þau lönd sem okkur dettur í hug sett inn)

A og b (Grísinn dátt galar kátt)

Lag: Georg Riedel. Texti: Böðvar Guðmundsson

D
A og bé

spott og spé,
A D
grísinn galar upp í tré.

Lítil mús

til okkar fús,
A D
kom og byggði hús.
A D
Lamb í baði
A D
borðar súkkulaði.
A D
Hundur jarmar,
E 7 A
galar grísinn hátt.

D
A og bé

spott og spé,
A D
grísinn galar upp í tré.

Hróp og köll

um víðan völl
A D
og þá er sagan öll.

Á Sprengisandi

Lag: Sigvaldi Kaldalóns. Texti: Grímur Thomsen

am
Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
E
rennur sól á bak við Arnarfell.
am
Hér á reiki' er margur óhreinn andinn
E
úr því fer að skyggja á jökulsvell.

am dm am
Drottinn leiði drösulinn minn,
E am E
drjúgur verður síðasti áfanginn.
am dm am
Drottinn leiði drösulinn minn,
E am E am
drjúgur verður síðasti áfanginn.

Þei þei, þei þei. Þaut í holti tófa,
þurran vill hún blóði væta góm,
eða líka einhver var að húa
undarlega digrum karlaróm.

Útilegumenn í Ódádahraun
eru kannski' að smala fé á laun.
Útilegumenn í Ódádahraun
eru kannski' að smala fé á laun.

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rökkrið er að síga' á Herðubreið.
Álfadrotting er að beisla gandinn,
ekki' er gott að verða' á hennar leið.

Vænsta klárinn vildi' ég gefa til
að vera kominn ofan í Kiðagil.
Vænsta klárinn vildi' ég gefa til
að vera kominn ofan í Kiðagil.

Að gæta hennar gildir hér og nú

Lag: Atli Heimir Sveinsson. Texti: Þórarinn Eldjárn

em B7
Á íslensku má alltaf finna svar
em C G
og orða stórt og smátt sem er og var,
am B em
og hún á orð sem geyma gleði og sorg,
A B em
um gamalt líf og nýtt í sveit og borg.

Á vörum okkar verður tungan þjál,
þar vex og grær og dafnar okkar mál.
Að gæta hennar gildir hér og nú,
það gerir enginn – nema ég og þú.

Áður en við kveðjum

Danskt lag

D
:/: Áður en við kveðjum
A D
og förum öll á flakk. :/:

A
Við okkar góðu-a Gunnu / Kalla
G A A7
við segjum “Mange tak”

D A
Við okkar góðu-a Gunnu / Kalla
G A D
við segjum “Mange tak”

Allir hafa eitthvað til að ganga á

Lag og texti: Ólafur Haukur Símonarson

C D G C
Allir hafa eitthvað til að ganga á.
C D G C
Teygðu fram löppina og lof mér að sjá.

am
Fíllinn hefur feitar tær,
dm am
ljónið hefur loppur tvær,
am
músin hefur margar smáar,
dm E7
en ormurinn hefur ansi fáar.

C D G C
Allir hafa eitthvað til að ganga á.
C D G C
Teygðu fram löppina og lof mér að sjá.

am
Fiskurinn hefur fína ugga,
dm am
flóðhesturinn engan skugga
am
krókóðillinn kjaftinn ljóta,
dm E7
sá er nú klár að láta sig fljóta.

C D G C
Allir hafa eitthvað til að ganga á.
C D G C
Teygðu fram löppina og lof mér að sjá.

am
Á vængjunum fljúga fuglarnir,
dm am
á fótunum ganga trúðarnir,
am
á hnúum hendast aþarnir,
dm E7
á rassinum leppalúðarnir.

C D G C
Allir hafa eitthvað til að ganga á.
C D G C
Teygðu fram löppina og lof mér að sjá.

Amma og draugarnir

Írskt þjóðlag. Texti: Jónas Árnason

E A
Hún amma mín gamla
 D
lá úti í gljúfri.
 A
Dimmt var það gljúfur
 E
og draugalegt mjög.
 A
En amma mín mælti
 D A
og útaf hún hallaði sér:
 D A
„Ég læt engan svipta mig svefni í nótt;
E E A
sama hver draugurinn er.“

 A
Kom þar hún Skotta
 D
með skotthúfu ljóta.
 A
Tönnum hún gnísti,
 E
glotti og hló.
 A
En amma mín mælti
 D A
og útaf hún hallaði sér:
 D A
„Ég læt engan svipta mig svefni í nótt;
E E A
sama hver draugurinn er.“

 A
Kom þar hann Móri
 D
í mórauðri treyju,
 A
ofan sitt höfuð
 E
af hálsinum tók.
 A
En amma mín mælti ...

E A
Kom þar hann Glámur
 D
með glyrnurnar rauðar.
 A
Kurteislegt ekki
 E
var augnaráð hans.
 A
En amma mín mælti ...

E A
Kom þar einn boli,
 D
kenndur við Þorgeir,
 A
æstur í skapi
 E
og öskraði hátt.
 A
En amma mín mælti ...

E A
Loks kom hann afi
 D
að leita að ömmu.
 A
„Æ, ertu hér,“ sagði hann,
 E
„elskan mín góð“.

 A
En amma mín mælti ...

Aníkuní

Lag og texti kemur frá Iroquois indíánum

am dm am /
:/:Aní-kúní sjá-á-ní:/:
dm / am /
:/:Á-á-á begga-na-a-sja-a-na:/:
am dm E am
:/:Í-í-já-á-ní bísí-dí:/:

Ást

Lag: Magnús Þór Sigmundsson. Texti: Sigurður Nordal

G D
Sólin brennir nóttina
C G
og nóttin slökkvir dag;
em C
þú ert athvarf mitt fyrir
G D
og eftir sólarlag.
C G
Þú ert yndi mitt áður
C G
og eftir að dagur ris,
C bm7
svölnun í sumarsins eldi
C D7
og sólbráð á vetrarins ís.

G D
Svali á sumardögum
C G
og sólskin um vetrarnótt,
em C
þögn í seiðandi solli
G D
og söngur ef allt er hljótt.
C G
Söngur í þöglum skógum
C G
og þögn í borganna dyn,
C bm7
þú gafst mér jörðina og grasið
C D7
og Guð á himnum að vin.

G D
Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð
em G
til að styrkja mig
C G
ég fann ei hvað lífið var fagurt
am D7
fyrir en ég elskaði þig.
G D
Ég fæddist til ljóssins og lífsins
em G
er lærði ég að unna þér,
C G
og ást mín fær ekki fölnað
am D7
fyrir en með sjálfum mér.

C G
Aldir og andartök hrynja
C G
með undursamlegum nið;
C bm7

það er ekkert í heiminum öllum
C D (E)
nema eilífföin, Guð - og við.

G(A) D(E)
Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð
em(f#m) G(A)
til að styrkja mig
C(D) G(A)
ég fann ei hvað lífið var fagurt
am(hm) D7(E7)
fyrir en ég elskaði þig.
G(A) D(E)
Ég fæddist til ljóssins og lífsins
em(f#m) G(A)
er lærði ég að unna þér
C(D) G(A)
og ást mín fær ekki fölnað
am(hm) D7(E7) G(A)
fyrir en með sjálfum mér.

Ást grær undir birkitré

Skátalag

D G D
Ást grær undir birkitré,
G D A
sykur flýtur sem rjómi.
G A G D
Fjallatopparnir sýnast gull
G D
ef þú kyssir á tána á Jóni.

G D
/::Draumur, draumur,
A D A
einn fyrir mig og annar fyrir þig/::

Endurtekið mjög hægt og mjög hratt!

Ausulagið

Lag: Ragnar Jóhannesson texti: Höf.ók

D
Einn var að smíða ausutetur
A
annar hjá honum sat
D
sá þriðji kom og bætti um betur
A D
og boraði á hana gat.
G
Hann boraði á hann eitt
D
hann boraði á hana tvö
Hann boraði á hana þrjú og fjögur,
A D
fimm og sex og sjö.

Babú babú

Lag og texti: Jón Hlööðver Áskelsson

D

Babú babú brunabíllinn flautar

Hvert er hann að fara?

Vatn á elda sprautar

D A D

Tsu tsu tsu tsu gerir alla blauta

D

Mjá mjá mjá mjá mjálmar gráa kisa

hvert er hún að fara?

út í skóg að ganga

D A D

Uss uss uss uss skógarpröst að fanga

D

Bí bí bí bí skógarpröstur syngur

Hvert er hann að fara?

burt frá kisu flýgur

D A D

ví ví ví ví loftin blá hann smýgur

Bíum, bíum, bambaló

Írskt þjóðlag. Texti: Jónas Árnason

em bm em

Bíum, bíum, bambaló,

hm em

bambaló og dillidillidó.

hm C

Vini mínum vagga ég í ró,

bm B7 em

en úti bíður andlit á glugga.

em bm em

Þegar fjöllin fimbulhá

bm em

fylla brjóst þitt heitri prá,

em bm C

leika skal ég langspil á;

bm B7 em

það mun þinn hugann hugga.

em bm em

Bíum, bíum, bambaló,

bm em

bambaló og dillidillidó.

bm C

Vini mínum vagga ég í ró,

bm B7 em

en úti bíður andlit á glugga.

em bm em

Þegar veður geisa grimm,

bm em

grúfir yfir hríðin dimm,

bm C

kveiki ég á kertum fimm,

bm B7 em

burt flæmi skammdegisskugga.

bm em

Bíum, bíum, bambaló,

hm em

bambaló og dillidillidó.

hm C

Vini mínum vagga ég í ró,

bm B7 em

en úti bíður andlit á glugga.

em bm em

Ef þér sultur sverfur að,

bm em

sauðakjöt ég hegg í spað,

bm C

fljótt svo standi full með það

bm B7 em

tunna hver, dallur og dugga.

Bíum, bíum, bambaló,

bambaló og dillidillidó.

Vini mínum vagga ég í ró,

en úti bíður andlit á glugga.

Ef þig langar eitthvert sinn

ögn að smakka góðfiskinn,

fram ég sendi flotann minn:

skínandi skútur og kugga.

Bíum, bíum, bambaló,

bambaló og dillidillidó.

Vini mínum vagga ég í ró,

en úti bíður andlit á glugga.

Hjá mér bæði hlíf og skjól

hafa skaltu', ef illskufól

flærðir með um foldarból

læðast og launráð brugga.

Bíum, bíum, bambaló,

bambaló og dillidillidó.

Vini mínum vagga ég í ró,

en úti bíður andlit á glugga.

Bjarnastaðabeljurnar

Höfundur óþekktur

D
Bjarnastaðabeljurnar,
D
þær baula mikið núna.
D
þær eru að verða vitlausar

Það vantar eina kúna.
G
Það gerir ekkert til.
D
Það gerir ekkert til.
A D
Hún skilar sér um miðaftansbil.

Broslagið

Amerískur mars (John Brown's body)

A
Það er ókeypis að brosa
D A
Það er ókeypis að brosa
A f#m
Það er ókeypis að brosa
D E A
að B R O S A - B R O S A

Dagur er risinn

Lag: Gelfískt lag Texti: Heimir Pálsson

G am
Dagur er risinn
D C G
rjóður í austri,
G bm em
raular mér kvæði
A D
þröstur á grein.
G C
Blessuðu tónar,
G em A
blessaði dagur,
D G C
blessaða veröld
D7 G C G
tindrandi hrein.

G am
Sólin er risin
D C G
hátt upp á himin,
G bm em
hlægjandi dagur
A D
þerrar mín tár.
G C
Blessað sé ljósið
G em A
lífgjafinn mildi,
D G C
lofaður veri
D7 G C G
himininn blár.

G am
Ég elska lífið,
D C G
ljósið og daginn,
G bm em
lofgjörð um heiminn
A D
fagnandi syng.
G C
Blessað sé lífið,
G em A
blessað sé ljósið,
D G C
blessaðir morgnar
D7 G C G
árið um kring.

Dalakofinn

Lag: Arch. Joyce. Texti: Davíð Stefánsson frá Fagraskógi

am
Vertu hjá mér, Díska,
dm F E7
meðan kvöldsins klukkur hringja
am
og kaldir stormar næða
G C E7
um skóg og eyðisand;
am
þá skal ég okkur bæði
C F
yfir djúpið dökka syngja
am dm
heim í dalinn, þar sem ég ætla
F E am
að byggja og nema land.

am
Kysstu mig ... kysstu mig.
dm F E7
Þú þekkir dalinn, Díska
am
þar sem dvergar búa í steinum
G C E7
og vofur læðast hljótt
am
og hörpusláttur berst
C7 F
yfir hjarn og bláa ísa,
am dm
og huldufólkið dansar
F E am
um stjörnu bjarta nótt.

am
Og meðan blómin anga
dm F E7
og sorgir okkar sofa
am
er sælt að vera fátækur,
G C E7
elsku Díska mín,
am
og byggja sér í lyngholti
C7 F
lítinn dalakofa
am dm
við lindina, sem minnir
F E am
á bláu augun þín.

am
Ég elska þig; ég elska þig
dm F E7
og dalinn, Díska,
am
og dalurinn og fjöllin
G C E7
og blómin elska þig.
am
Í norðri brenna stjórnur,
C7 F
sem veginn okkur vísa,
am dm
og vorið kemur bráðum ...
F E am
Díska kysstu mig.

Druslulagið

Höfundur óþekktur

D
Við setjum svissinn á
og við kúplum gírnum frá,
A
þá er startað og druslan fer í gang.
D G
Það er enginn vandi að aka bifreið
D A D
ef maður bara kemur druslunni í gang.

Dómar heimsins

Lag: Valgeir Guðjónsson. Texti: Jóhannes úr Kötlum

dm gm dm
Dómar heimsins dóttir góð
A dm
Dómar heimsins dóttir góð.
gm dm
Munu reynast margvíslegir
A dm
munu reynast margvíslegir.
C F
Glímdu sjálf við sannleikann
A dm
hvað sem hver segir.
C F
Glímdu sjálf við sannleikann
A dm
hvað sem hver segir.

gm dm
Gakktu einatt eigin slóð
A dm
Gakktu einatt eigin slóð
gm dm
hálar eru hversmannsvegir,
A dm
hálar eru hversmannsvegir.
C F
Skeyttu ekki um boð né bann
A dm
hvað sem hver segir,
C F
Skeyttu ekki um boð né bann
A dm
hvað sem hver segir.

dm gm dm
Inn í brjóst þitt ein og hljóð
A dm
Inn í brjóst þitt ein og hljóð
gm dm
rýndu fast ef röddin þegir
A dm
rýndu fast ef röddin þegir
C F
Treystu á þinn innri mann
A dm
hvað sem hver segir,
C F
Treystu á þinn innri mann
A dm
hvað sem hver segir

Dýravísur

Íslenskar stemmur

D
Hani, krummi, hundur, svín
G A
hestur, mús, tittlingur.
D
Galar, krunkar, geltir, hrín
G DA D
gneggjar, tístir, syngur.

A
Verður ertu víst að fá
A D
vísu, gamli Jarpur.
A
Aldrei hefur fallið frá
A D
frækilegri garpur.

D
Þá var taða, þá var skjól
G A
þá var fjör og yndi.
D
Þá var æska, þá var sól
G DA D
Þá var glatt í lyndi.

A
Gefðu ungum gæðingum
A D
gamla tuggu á morgnunum.
A
Launa þeir með léttfærum
A D
lipru sterku fótunum

A
Verður ertu víst að fá
A D
vísu, gamli Jarpur.
A
Aldrei hefur fallið frá
A D
frækilegri garpur.

A
Taktu eftir tittlingum
A D
trítli þeir á klakanum.
A
Metta þá af mölunum
A D
maður af ríku borðunum.

D
Hani, krummi, hundur, svín
G A
hestur, mús, titlingur.
D
Galar, krunkar, geltir, hrín
G DA D
gneggjar, tístir, syngur.

Ég er kominn heim

Lag: S. Hambley. Texti: Loftur Guðmundsson

D
Hér stóð bær með burstir fjórar,
G
hér stóð bær á lágum hól.
A
Hér stóð bær, sem bernskuminnig
D G D
vefur bjarma af morgunsól.
Hér stóð bær með blóm á þekju,
G
hér stóð bær með veðruð þil.
A
Hér stóð bær og veggjabrotin
D G D
ennþá ber við lækjargil.
G
Ég er kominn heim í heiðardalinn,
D
ég er kominn heim með slitna skó.
A
Kominn heim að heilsa mömmu,
D
kominn heim í leit að ró.
G
Kominn heim til að hlusta á lækinn
D
sem hjalar við mosató.
A
Ég er kominn heim í heiðardalinn,
D
ég er kominn heim með slitna skó.

Ef þig langar

Lag: Bengt Ahlfors. Texti: Heimir Pálsson

dm A dm
Ef þig langar að syngja þinn söng,
gm dm A
er söngva stundin að renna upp núna.
dm A dm
Enginn syngur þann söng í þinn stað.
gm dm
Á morgun er orðið til söngs og seint
gm dm A
við syrgjum þau ljóð sem í þögnina dóu.
dm gm
Svo settu nú ekki þinn söng á frest,
dm A dm
heldur syngdu hann nú! Það er best.
dm A dm
Ef þú, vinur, átt örliða ást
gm dm A
er ástarstundin að renna upp núna
dm A dm
og enginn mun elska' í þinn stað.
gm dm
Að elska á morgun er allt of seint
gm dm A
og ónýtt hver löngun sem fékk ekki að rætast.
dm gm
Svo sláðu því ást þinni ekki á frest
dm A dm
heldur elskaðu nú! Það er best.
dm A dm
Ef þig langar að njóta þíns lífs
gm dm A
eru lífsins stundir að renna upp núna.
dm A dm
Enginn lifir því lífi' í þinn stað.
gm dm
Að lifa á morgun er löngu of seint,
A dm A
menn láta sér fátt þótt þú ætlir og viljir.
dm gm
Svo láttu' ekki slá þínu lífi á frest
dm A dm
heldur lifðu því nú! Það er best.

Ef þú ert súr

Lag og texti: Ólafur Haukur Símonarson

D A G D
Ef þú ert súr, vertu þá sætur.
D A G D
Sjáðu í speglinum hvernig þú lætur.
D A G D
Ekkert er varið í sút eða seyru.
D A G D
Teygðu' á þér munnvikin út undir eyru.

D A
Galdurinn er að geta brosað,
G D
geta' í hláturböndin tosað,
D A G A D
geta hoppað, hlegið, sungið endalaust.

D A G D
Ef þú ert fýldur, þá líkistu apa,
D A G D
eða krókódíl sem er of fúll til að gapa.
D A G D
Ekkert er varið í sút eða seyru.
D A G D
Teygðu' á þér munnvikin út undir eyru.

Galdurinn er að geta...

D A G D
Ef þú ert illur, þá líkistu nauti
D A G D
eða eldgömlum potti með viðbrenndum grauti.
D A G D
Ekkert er varið í sút eða seyru.
D A G w D
Teygðu' á þér munnvikin út undir eyru.

Galdurinn er að geta...

Ég bið að heilsa

Lag; Ingi T. Lárusson Texti: Jónas Hallgrímsson

C G
Nú andar suðrið sæla vindum þýðum,
G7 C
á sjónum allar báru smáar rísa
C A A7 dm
og flykkjast heim að fögru landi Ísa,
G7 C G7 C
að fósturjarðar minnar strönd og hlíðum.

C G
Ó! heilsað öllum heima rómi blíðum
G7 C
um hæð og sund í drottins ást og friði;
A A7 dm
kyssti þið, báru! bát á fiskimiði,
G7 C G7 C
blási þið, vindar! hlýtt á kinnum fríðum.

C G
Vorboðinn ljúfi! fuglinn trúr sem fer
G7 C
með fjaðrabliki háa vegaleysu
am A dm G C
í sumardal að kveða kvæðin þín!

C G
Heilsaðu einkum ef að fyrir ber
G7 C
engil með húfu og rauðan skúf, í peysu;
am A dm G C
þröstur minn góður! það er stúlkan mín
C F G C
þröstur minn góður! það er stúlkan mín.

Ég heyri svo vel

Lag og texti: Ólafur Haukur Símonarson

C dm F G
Ég heyri svo vel, ég heyri grasið gróa,
C dm F G
ég heyri svo vel, ég heyri snjóinn snjóa,
C dm F G
ég heyri svo vel, ég heyri orminn mjóa,
am D
heyri hárið vaxa, heyri neglurnar lengjast,
dm G
heyri hjartað slá.

C dm F G
Þú finnur það vel, allt færast nær þér,
C dm F G
þú finnur það vel, þú kemur nær mér,
C dm F G
þú finnur það vel, allt fæðist í þér,
am D dm G
andlitin lifna og húsin dansa og vindurinn hlær.

Ég nestispoka á baki ber

Lag: Friedr. W. Möller. Texti: Tryggvi Þorsteinsson

C
Ég nestispoka á baki ber
G
og bregð mér upp á fjöll
C
þar fjöldi álfa fagna mér
F G C
og ferleg hamratröll.
G C G
Fallerí, fallera, fallerí,
C
fallera-ha-ha-ha-ha-ha.
G C
Fallerí, fallera,
F G C
og ferleg hamratröll.

C
Svo líða dagar, líða ár
G
og lítill verður stór.
C
En oft man halur hærugrár
F G C
hvar hann sem drengur fór.

G C G
Fallerí, fallera, fallerí,
C
fallera-ha-ha-ha-ha-ha.
G C
Fallerí, fallera,
F G C
og ferleg hamratröll.

Ég spila á trommu og líður svo vel

Lag: Skandinavískt Texti: Hjallastefnan

dm G C
Ég spila á trommu og líður svo vel, (tromm-
tromm-tromm)
dm G C
ég spila á trommu og líður svo vel, (tromm-
tromm-tromm)
dm G C
og ég leik mér að flytja hér lag, (tromm-tromm-
tromm)
dm G C
og láta trommuna hljóma vel í dag, (tromm-
tromm-tromm)

(svo er hægt að velja hvaða hljóðfæri sem er
s.s.: þríhorn, flautu,
jafnvel hendur og fætur)

Ein sit ég og sauma

Höfundur ókunnur

D
Ein sit ég og sauma
D
inní litlu húsi.
D
Enginn kemur að sjá mig
D
nema litla músin.
G D G D
Hoppaðu upp og lokaðu augunum.
G D
Bentu í austur,
G D
bentu í vestur.
G D
Bentu á þann sem að
A D
þér þykir bestur.

Ein stutt - ein löng

Danskt lag. Textahöfundur ókunnur

A
Ein stutt, ein löng,
D
hringur á stöng
E A
og flokkur sem spilaði og söng.

A D
Penni og gat og fata sem lak.
E A
Fata sem lak og penni og gat

Ein stutt, ein löng...

A D
Lítill og mjór og feitur og stór.
E A
Feitur og stór og lítill og mjór.

Ein stutt, ein löng... o.s.frv

A D
Köttur og mús og sætt lítið hús.
E A
Sætt lítið hús og köttur og mús.

Ein stutt, ein löng.

Einn og tveir og þrír

Lag og Texti : Höfundur ókunnur

C
Einn og tveir og þrír,
G C
fjórir, fimm og sex.
F C
Sjö og átta og níu,
G C
við teljum upp að tíu.

F C
Trallalalala, trallalalala,
G C
trallalala la la.
F C
Trallalalala, trallalalala,
G C
trallalalala la.

Einu sinni á ágústkvöldi

Lag: Jón Múli Árnason. Texti: Jónas Árnason

D A D D7
Einu sinni á ágústkvöldi
G D
austur í Þingvallasveit
G D bm
gerðist í dulitlu dragi
G A D
dulítið sem enginn veit,
em A D bm
nema við og nokkrir þrestir
em A7 D
og kjarrið græna inn í Bolabás
D D7
og Ármannsfellið fagurblátt
G
og fannir Skjaldbreiðar
E A
og hraunið fyrir sunnan Eyktarás.
A D
Þó að æviárin hverfi
A A7 D
út á tímans gráa, rökkur-veg,

við saman munum geyma þetta
G
ljúfa leyndarmál,
A A7 D
landið okkar góða, þú og ég.

Ekki fýlu bara hress

Texti: Særún Þorlákssdóttir og drengir í stórahóp

D G D
Við á stelpu/stráka kjarna erum góðir félagar.
D A
Okkur þykir gaman að vera alltaf saman.
D G D
Á valfundum við erum stundum óheppin
D A D
þegar svæðin eru upptekin.
D G
/: Ekki fýlu - bara hress bara hress
D A D
og veljum okkur bara eitthvað annað
D
heldur en fýlu :/:

Elsku-lagið

Höfundur óþekktur

D A
(Stóri hópur),
A D A
elsku bestí (stóri hópur)
A D A
Allir elska (stóra hóp)
A
og allir syngja
D G
kæru góðu vinir
E A
kæru góðu vinir
D G
kæru góðu vinir
E A
og kæru góðu vinir

og (miðhópur) elsku bestí.....o.s.frv.

Fimm litlir apar

Höfundur óþekktur

D A D
Fimm litlir apar sátu uppí tré

þeir voru að stríða krókódíl
A D
þú nærð ekki mér.

Talað:
Þá kom hann herra krókódíll
hægt og rólega
og Ammm namm namm
D A D
fjórir litlir apar sátu uppí tré...o.s.frv

í lokin talað:
En maginn á herra krókódíl var orðinn svona
stór.

Fingurnir

Lag og texti: Steingrímur Arason

D
Einn lítill, tveir litlir, þrír litlir fingur,
A
fjórir litlir, fimm litlir, sex litlir fingur,
D
sjö litlir, átta litlir, níu litlir fingur,
A D
tíu litlir fingur á börnum.

Eniga meniga

Lag og texti: Ólafur Haukur Símonarson

A D
Eniga meniga, allir röfla um peninga.
A D
Súkkadí þúkkadí, kaupa meira finerí.
A
Kaupæði, málæði,
D
er þett' ekki brjálæði?

G D
Eitthvað fyrir alla,
G D
konur og kalla,
G D A D
krakka með hár og kalla með skalla.
G D
Eitthvað fyrir krakka,
G D
káta krakkalakka
G D A D
sem kostar ekki neitt, þú krækir bara í pakka.
A D
Eða fyndinn frakka.
A D
Eða feitan takka.

A D
Eniga meniga, ég á enga peninga.
A D
Súkkadí þúkkadí, en ég get sungið fyrir því.
A
Sönglandi, raulandi
D
með garnirnar gaulandi.
G D
Eitthvað fyrir alla.....o.s.frv

Ferskeytlur

Íslenskar stemmur Texti: Þjóðvísur, Sveibjörns Egilssonar,
Theódóra Thoroddsen

E

Afi minn fór á honum Rauð

B

eitthvað suður á bæi.

Sækja bæði sykur og brauð

B7 E

sitt af hvoru tagi.

E

Afi minn og amma mín

B

úti á Bakka bú.

Þau eru bæði sæt og fin

B7 E

þangað vil ég fljúga.

E

Fljúga hvítu fiðrildin

B

fyrir utan glugga;

þarna siglir einhver inn

B7 E

ofurlítil dugga.

Sigga litla systir mín

situr út í götu

er að mjólka ána sín

í ofurlitla fötu.

Fuglinn segir bí, bí, bí

bí, bí segir Stína.

Kveldúlfur er kominn í

kerlinguna mína.

Kristín litla, komdu hér

með kalda fingur þína.

Ég skal bráðum bjóða þér

báða lófa mína.

Klappa saman lófunum

reka féð úr mounum

vinna sér inn bita

láta ekki hann þabba víta.

Litla Jörp með lipran fót

labbar götu þvera.

Hún skal seinna á mannamót

mig í söðli bera.

Tunglið, tunglið taktu mig,

og berðu mig upp til skýja.

Þar situr hún móðir mín

og syngur lofgerð nýja.

Klappa saman lófunum,

reka féð úr mounum,

rölta á eftir tófunum,

tína egg úr spóunum

Nú er úti veður vont

verður allt að klessu.

Ekki fær hann Grímur gott

að gifta sig í þessu.

Rúnki fór í réttirnar

ríðandi á honum Sokka.

Yfir holt og hæðirnar

hann lét klárinn brokka.

Fósturlandsins Freyja

Lag: Johann A. P. Schultz Texti: Matthías Jochumsson

D A G D

Fósturlandsins Freyja

D / A /

Fagra vanadís

D E A /

Móðir kona meyja

A E A /

Meðtak lof og prís.

em H em /

Blessað sé þitt blíða

A / (em7) A /

Bros og gullið tár

D A G D

Þú ert lands og lýða

D A D

Ljós í þúsund ár.

Fram, fram fylking

Þjóðlag. Texti: Ari Jónsson frá Pverá

D G
Fram, fram fylking,
A D
forðum okkur háaska frá,
A D
því ræningjar oss vilja ráðast á.
A D
Sýnum nú hug,
A D
djörfung og dug.
G
Vaki, vaki vaskir menn,
A D
því voða ber að höndum.

Sá er okkar síðast fer
A D
sveipast hörðum böndum.

Frjálst er í fjallasal

Lag: Höf. ók. Texti: Steingrímur Thorsteinsson

D
Frjálst er í fjallasal,
D
fagurt í skógardal,
D G D
heilnæmt er heiðloftið tæra.
D
Hátt yfir hamrakór
D
himininn, blár og stór,
D G D
lyftist með ljóshvolfið skæra.

D
Traralla la la lalla la
G D
lalla la, lalla la,
D
traralla la la lalla la,
G D
lalla lalla la, la, la

Hér upp í hamraþröng
hefjum vér morgunsöng,
glatt fyrir góðvætta hörgum.
Viður vor vökuljóð
vakna þú sofin þjóð!
Björt ljómar sól yfir björgum.

Er sem oss ómi mót
Íslands frá hjartarót
bergmálsins blíðróma strengir.
Söngbylgjan hlíð úr hlíð
hljómandi, sigurblið,
les sig og endalaust lengir.

Frost er úti fuglinn minn (hefðbundna útgáfan)

Ensk lag. Texti: höf. ók.

D G7 D G7 D A D
Frost er úti fuglinn minn ég finn hvað þér er
kalt.
G7 D G7 D A D
Nærðu engu í nefið þitt því nú er frosið allt.
G7 D A
En ef þú bíður augnablik ég ætla að flýta mér
D G7 D A D A D
og biðja hana mömmu mína um mylsnu handa
þér.

Frost er úti fuglinn minn

(Love me tender) Elvis Presley/Vera Matson. Texti: höf. ók.

D em
Frost er úti fuglinn minn
A7 D
ég finn hvað þér er kalt.
em
Nærðu engu í nefið þitt
A7 D
því nú er frosið allt.
D F#7 bm D7
En ef þú bíður augnablik
G gm D
ég ætla að flýta mér
D B7 E E7
og biðja hana mömmu mína
A7 D
um mylsnu handa þér.

Furðuverk

Lag og texti: Jóhann G. Jóhannsson

D
Ég á augu, ég á eyru,
G D
ég á lítið skrítið nef.

Ég á augnabrúnir og augnalok
E A
sem lokast er ég sef.

D
Ég á kinnar og varir rauðar
G D
og á höfði hef ég hár.
em
Eina tungu og tvö lungu
A D
og heila sem er klár.

D
Ég á tennur og blóð sem rennur
G D
og hjarta sem að slær.

Tvær hendur og tvo fætur,
E A
tíu fingur og tíu tær.

D
Ég get gengið, ég get hlaupið,
G D
kann að tala mannamál.
em
Ég á bakhlið, ég á framhlið
A D
en innst inni hef ég sál.

G A D bm
Því ég er furðuverk, algjört furðuverk
em A
sem að Guð bjó til.
em A D bm
Ég er furðuverk, algjört furðuverk,
em A
lítið samt ég skil.

Gamla uflan

Höfundur lags óþekktur. Þýðing: Hrafnhildur Sigurðardóttir

D
Það var gömul ufla með oddhvasst nef,
G A
tvö lítil eyru og átta litlar klær.
D
Hún sat upp í tré og svo komst þú.
G A
þá flaug hún í burtu og sagði
D
Ú Ú Ú

Gamli Nói

Lag: Bellman. Þýðing: Sr. Eiríkur Brynjólfsson

D A
Gamli Nói, gamli Nói
D A D
guðhræddur og vís,
A
mikils háttar maður,
D
mörgum velviljaður.

Þótt hann drykki,
A
þótt hann drykki,
D A D
þá samt bar hann prís.

D
Aldrei drakk hann,
A
aldrei drakk hann
D A D
of mikið í senn.
A
Utan einu sinni
D
á gabb trúir ég rynni.

Glappaskotin,
A
glappaskotin
D A D
ganga svo til enn.

Ging gang gooli

Baden-Powell Jamboree 1920

D
:/: Ging gang gooli gooli gooli gooli watcha
A D
ging gang goo ging gang goo:/:
G D
:/: Heyla og heila sheyla,
A D
heyla shey la hey la ho:/:
D G A
Shali walli shali walli shali walli shali walli,
D
úmba, úmba úmba.

Gengur betur næst

Ítalskt lag. Texti: Margrét Pála Ólafsdóttir

dm
Ég vil alltaf vera í hópi
góðra vina í leikjum með gleði og fjör
gm dm
en ef fæ ég fyrir mæli
A dm A
fylg'ég þeim með brosi á vör.

dm
Því með reglum og réttum skiptum
reynist alls enginn útundan og ég tel
gm dm
best að æfa, alltaf jákvæð
A dm
til að öllum líði vel.

Og ef við ruglumst og ef við rífumst,
finnst mér réttast að muna að við getum sæst
gm dm
∴ með að gera gott úr öllu.
A dm
Þannig gengur betur næst ∴:

Góða tungl

Þjóðlag. Þýðing: Steingrímur Thorsteinsson

D A
Góða tungl um loft þú líður,
D A D
ljúft um skýja silfurskaut.
A
Eins og viljinn alvalds býður
D A D
eftir þinni vissu braut.
A
Öllum þreyttum
D
ljós þitt ljáðu
G A
lýst 'um glugga sérhvern inn,
D A
lát í húmi hjörtun þjáðu
D A D
huggast blíft við geislann þinn.

Grænmetisvísur

Lag: Thorbjörn Egner Þýðing: Kristján frá Djúpalæk

A
Þeir sem bara borða kjöt
E A
og bjúgu alla daga
þeir feitir verða' og flón af því
B7 E
og fá svo illt í maga.

A
En gott er að borða gulrótina,
D
grófa brauðið, steinseljuna,
E
krækiber og kartöflur
A
og kálblöð og hrámeti.

Þá fá allir mettan maga,
D
menn þá verða alla daga
E
eins og lömbin ung í haga,
A
laus við slen og leti.

A
Sá sem fá vill fisk og kjöt
E A
hann frændur sína étur
og maginn sýkist molnar tönn
B7 E
og melt hann ekki getur.

A
En gott er að borða gulrótina,
D
grófa brauðið steinseljuna,
E
krækiber og kartöflur
A
og kálblöð og tómata.

Hann verður sæll og viðmótsljúfur
D
og vinamargur, heilladrjúgur
E
og fær heilar, hvítar tennur
A
heilsu má ei glata.

Gull og Perlur

Lag frá Álandseyjum (Vem kan segla)
Texti: Hjálmar Freysteinnsson

dm
Gulli og perlum safna sér
gm dm
sumir endalaust reyna.
A dm
En vita ekki að vináttan er
A7 dm
verðmætust eðalsteina.

dm
Gull á ég ekki að gefa þér
gm dm
og gimsteina ekki neina
A dm
en viltu muna að vináttan er
A7 dm
verðmætust eðalsteina.

Göngulagið

Lag og ljóð: Tryggvi Þorsteinsson

D G D
Þótt gangan sé erfið og leiðin sé löng
A A7
við léttum oss sporið með þessum söng.
D G D
Ef þung reynist byrðin og brekkan er há:
A D D7
Brosum, brosum krakkar þá.

G D
Þótt bylji hríð og blási kalt,
A A7
brosið er sólskin sem vermir allt
D G D
og bræðir úr hugskoti bölsýnis ís.
A D G
Brosum, þá er sigur vís.

Enginn er verri þótt vökni í gegn
og vitaskuld fáum við steypiregn.
Við látum ei armæðu á okkur fá,
brosum, brosum krakkar þá.

Þótt bylji hríð ..

Gráðug kelling og svangur kall

Lag og texti: Þorkell Sigurbjörnsson

D
Gráðug kelling hitaði sér velling
og borðaði (namm, namm, namm)
A
síðan sjálf (jamm, jamm, jamm)
D
af honum heilan helling.

D
Svangur kallinn varð alveg dolfallinn
og starði svo (sko, sko, sko)
A
heilan dag (o, ho, ho)
D
ofan í tóman dallinn.

Haldið ekki'að Halli komi...

Höfundur óþekktur

D A
Haldið ekki' að Halli komi' á grúfunni,
D
á heljarstökki fram af einni þúfunni.
G
Hann fór það bara fínt,
D
en hélt hann hefði týnt
A D
gleraugunum, höfðinu ' eða húfunni.

Hanarnir tveir

Spænskt lag. Texti: Þórarinn Hjartarson

dm A
:/: Heyrist gal hanans svarta
dm
verður dimmt og deginum lýkur :/:
gm C dm
:/: En er rauða hanans glymur gal
A dm
þá glaðnar og nóttin vikur :/:

A dm
Syng, enginn mun heyra.
gm C dm A
Taktu vindur minn söng sem engu nær

dm
eyra.

A dm
Syng, hvað get ég meira.
gm C dm A
Vindinum eigna ég söng minn sem engir

dm
heyra.

:/: Og þeir mættust í hólmgöngu harðri,
í húfi var líf eða dauði :/:
:/: Svarti haninn með spora og hlíf,
en hugrekið eitt á sá rauði :/:

Syng, enginn mun heyra...

:/: Svarti hani hrósaðu sigri,
þú veist ekki dóm þinn að vonum :/:
:/: Sá rauði að síðustu sigra mun,
því sólin stendur með honum :/:

Syng, enginn mun heyra...

:/: Svarti fugl flærðar og svika,
frá gulli er kominn þinn kraftur :/:
:/: En rauði haninn þig hræðist ei,
þið hittist fljótlega aftur :/:

Syng enginn mun heyra...

Handa mér og þér (Lítill heimur ljúfur hýr)

Lag: Robert B. Sherman/Richard M. Sherman.

Texti: Margrét Pála Ólafsdóttir

D A
Bæði gleði og sorg hýsir heimur smár,
D
allra hjörta eiga sér bros og tár.

Margt þótt höfumst við að

G
heima á ólíkum stað
A7 A D
heimur einn og samur er.

A
Heimur þessi hæfir mér,
D
honum deila vil með þér.
G
Heimsins gæði hafa ber
A7 D
handa mér og þér.

A
Sama sólin birtu um heiminn ber
D
og með brosi skiljumst við hvar sem er.

Þótt sé fjallstindur hár,
G
hafsjór úfinn og grár -
A7 D
heimur einn og samur er.

A
Heimur þessi hæfir mér,
D
honum deila vil með þér.
G
Heimsins gæði hafa ber
A7 D
handa mér og þér.

Háttatími á himnum

Lag og texti: Olga Guðrún Árnadóttir

D G D
Hvað gerir sólin þegar hún sest á kvöldin?
G D
Háttar litlu geislana
G D
oní himnasængina
E A
og fyrir stóru gluggana
E A
hún dregur stjörnutjöldin,
D A D
það gerir sólin á kvöldin.

G D
Hvað gerir tunglið þegar það tekur völdin?
G D
Hristir silfurhattinn sinn
G D
svo hrynur úr 'onum draumurinn
E A
og sáldrast yfir koll og kinn
E A
er sefur barnafjöldinn,
D A D
það gerir tunglið á kvöldin.

Hér búálfur á bænum er

Þýskt þjóðlag. Þýðing: Hildigunnur Halldórsdóttir

D
Hér búálfur á bænum er
G A D
á bjálkalofti í dimmuni.
G A D
Hér búálfur á bænum er á bjálkaloftinu.
A D
Hann stappar fótum, hoppar hátt
A D
og haframjölið étur hrátt.
G A D
Hér búálfur á bænum er á bjálkaloftinu

Hnátutátublús

Sænskt lag. Þýðing: Margrét Pála Ólafsdóttir

D
Hnátutátan vaknaði og núna vakna ég
D7
og núna vakna allir hér á sama veg.
G D
O Oh O O Oh O O Oh O O hnátutátublús.
A G D
Hnátutátu, hnátutátu, hnátutátu, hnátutátu -
BLÚS.

Hnátutátan klappaði / stappaði / spilaði / smellti /
dansaði / hoppaði / sofnaði ...

Hér kemur Lillimann

Lag: Thorbjörn Egner. Þýðing: Kristján frá Djúpalæk

D
Hér kemur Lillimann klifurmús
A D
sem kæti ber inn í sérhvert hús,
A D
en regluleg söngva og músíkmús,
A D
og meistaragítarsláttumús.

G D
Trallalalala trallalalala
A D
trallalalalalala-la-la-la!

Hoppa hoppa

Lag og texti Ágústa María Arnadóttir

C
Hoppa hoppa hoppa hoppa hoppa
G C
hoppa hoppa
hoppa hoppa hoppa hoppa hoppa
G C
hoppa ofsa hátt

klappa klappa klappa klappa klappa
klappa klappa
klappa klappa klappa klappa klappa
klappa lófunum

stappa stappa stappa stappa stappa
spappa stappa
stappa stappa stappa stappa stappa
stappa ofsa fast

o.s. frv

Hresstu þig við

Skátalag

D
Hresstu þig við - liðkaðu lið,
G A G A
dúddelídú - dúddelídú.
A
Laust og létt - liðugt og þétt
G D G D
dúddelídú - dúddelídú.
D
Láttu nú hendurnar hraðara ganga,
G
hreyfðu nú á þér skankana langa.
D A D A
Dúddelídú - dúddelídú,
G A D
við byrjum aftur nú.

Hvað ætlar þú að verða væni?

Lag: Valgeir Guðjónsson/Leifur Hauksson.
Texti: Pétur Gunnarsson

D
Hvað ætlar þú að verða væni?

A D
voða ertu orðin stór,

allir spyrja einum rómi,
A D
eilíft hjómar þessi kór.

Almáttugur en sú mæða
A D
ég get ekki svarað því

ferðalangur, fuglahræða
A D
flibbanaut í sumarfrí.

G
"Ertu ekki með öllum mjalla"
D
æpir Lóa frænka,
G D
læknir eða listaskáld með yfirgreiddan

skalla,
G
stærðfræðingur, stórkaupmaður,
D
margt er hægt að bralla.
A bm
Við businessmanni brosir framtíð
G D
björt á Íslandi.

Á skrifstofu hann pabbi vinnur
skömmin er svo líkur mér.
Í yfirvinnu, næturvinnu (16 tímar)
er hann bara í huga mér.

"Ertu ekki með öllum mjalla"...

Í Blóðbankanum mamma vinnur
á kvöldin er hún oft svo preytt.
Þegar ég er orðinn stór
þá ætla ég ekki að gera neitt.

"Ertu ekki með öllum mjalla"...

Hvar er húfan mín?

Lag: Thorbjörn Egner. Þýðing: Kristján frá Djúpalæk

C
Hvar er húfan mín? Hvar er hempan mín?

G
Hvar er falska, gamla, fjögurra gata flautan mín?

Hvar er úrið mitt? Hvar er þetta og hitt?

C
Hvar er bláa skyrtan, trefilinn og beltið mitt?

G C
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Sérðu þvottaskál? Sérðu þráð og nál?

G
Sérðu hnífinn, sérðu diskinn og mitt
drykkjarmál?

Sérðu pottana og seglgarnsspottana?

C
Sérðu heftið sem ég las um hottintottana?
G C
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Sérðu töskuna? Sérðu flöskuna?

G
Sérðu eldinn, sérðu reykin, sérðu öskuna?

Hvar er peysan blá? Hvar er pyngjan smá?

C
Hvar er flísinn sem ég stakk í mín stórutá?
G C
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Hvar er hárgreiðan? Hvar er eldspýtan?

G
Hvar er Kasper, hvar er Jesper, hvar er
Jónatan?

Þetta er ljótt að sjá, alltaf leita má.

C
Hvar er kertið sem við erfðum henni ömmu frá?

G C
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Húsamúsarvísa

Lag: Thorbjörn Egner. Þýðing: Kristján frá Djúpalæk

D G
Ég er heldri húsamús
A D
hefi allt sem þarf til bús,
G
magál bæði og bringukolla,
A D
bústin krof og sperðla holla.
G
Fæ mér bita og bita í senn,
A D
bragðgott er það viti menn.
G
Uni við það alla daga,
A D
enda hef ég góðan maga.

Hvar er?

Höfundur óþekktur

D
Hvar er, hvar er elsku litla/i (nafn)
A
Hvar er, hvar er elsku litla/i (nafn)
D
Hvar er, hvar er elsku litla/i (nafn)
A D
Bak við smekkin að fela sig.

(nota hvað sem er til að fela sig)

Í rigningu ég syng

Lag: Nacio Herb Brown. Þýðandi texta óþekktur.

D
:/: Í rigningu ég syng :/:

Það er stórkostlegt veður
A
og mér líður svo vel.

Þumlar upp...
:/: atjúttítja atjúttítja atjúttitja tja :/:

Í rigningu ég

Arma að.....
Fætur inn.....
Rassinn út.....
Á öðrum fæti.....
Tungan út.....

Hver á sér fegra föðurland

Lag: Emil Thoroddsen Texti: Hulda

D G C G
Hver á sér fegra föðurland,
D G B em
með fjöll og dal og bláan sand,
D G D G
með norðurljósa bjarmaband
em A D
og björk og lind í hlíð,
D7 G D G
með friðsæl býli, ljós og ljóð,
C G D7 B
svo langt frá heimsins vígaslóð?
em D G C G
Geym, drottinn, okkar dýra land,
C D G
er duna jarðarstríð.

Hver á sér meðal þjóða þjóð,
er þekkir hvorki sverð né blóð
en lifir sæl við ást og óð
og auð, sem friðsæld gaf?
Við heita brunna, hreinan blæ
og hátign jökla, bláan sæ,
hún unir grandvör, farsæl, fróð
og frjáls - við ysta haf.

Ó, Ísland, fagra ættarbyggð,
um eilífð sé þín gæfa tryggð,
öll grimmd frá þinni ströndu styggð
og stöðugt allt þitt ráð.
Hver dagur líti dáð á ný,
hver draumur rætist verkum í,
svo verði Íslands ástkær byggð
ei öðrum þjóðum háð.

If you're happy and you know it

Byggt á þjóðlagi frá Lettlandi. Höfundur texta óþekktur

D
If you're happy and you know it
A
clap your hands.

If you're happy and you know it
D
clap your hands.

G
If you're happy and you know it
D
and you really want to show it.

A
If you're happy and you know it
D
clap your hands.

If you're happy and you know it
stap your feet ...

If you're happy and you know it
snap your fingers ...

If you're happy and you know it
knock your head ...

If you're happy and you know it
say juhu ...

If you're happy and you know it
do all five ...

Íslandsvísur (Ég vil elska mitt land)

Danskt lag Texti: Jón Trausti (Guðmundur Magnússon)

D G
Ég vil elska mitt land.
A D A
Ég vil auðga mitt land.
D E A
Ég vil efla þess dáð ég vil styrkja þess hag.
D A D
Ég vil leita þess þörf.
G A
Ég vil létta þess störf.
D G A D em A D
Ég vil láta það sjá margan hamingjudag.

Þetta'er játning mín
kæra móðir til þín.
Ég get miklast af því að ég sonur þinn er.
Það er svipurinn þinn
er í sál mér ég finn.
Hann er samgróinn öllu því besta hjá mér.

Ísland er land þitt

Lag: Magnús Þór Sigmundsson. Texti: Margrét Jónsdóttir

D A D
Ísland er land þitt, og ávallt þú geymir
G D
Ísland í huga þér, hvar sem þú ferð.
A
Ísland er landið, sem ungan þig dreymir.
A7 D D7
Ísland í vonanna birtu þú sérð.
G A7
Ísland í sumarsins algræna skruði,
D D7 G
Ísland með blikandi norðljósatraf.
em A
Ísland, er feðranna afrekum hlúði.
G A7 D
Ísland er foldin, sem lífið þér gaf.

A D
Íslensk er þjóðin, sem arfinn þinn geymir.
G D
Íslensk er tunga þín skír eins og gull.
A
Íslensk sú lind, sem um æðar þér streymir.
A7 D D7
Íslensk er vonin af bjartsýni full.
G A7
Íslensk er vornóttin albjört sem dagur.
D D7 G
Íslensk er lundin með karlmennsku þor.
em A
Íslensk er vísan, hinn íslenski bragur.
G A7 D
Íslensk er trúin á frelsisins vor.

(Hækkað ef vill annars eins og í fyrri erindum)

F C F
Ísland er land þitt, því aldrei skal gleyma.
B F
Íslandi helgar þú krafta og starf.
C
Íslenska þjóð, þér er ætlað að geyma
C7 F F7
íslenska tungu, hinn dýrasta arf.
B C7
Ísland sé blessað um aldanna raðir,
F F7 B /
íslenska moldin, er lífið þér gaf.
gm C
Ísland sé falið þér, eilífi faðir.
B C7 F
Ísland sé frjálst meðan sól gyllir haf.

Ísland ögrum skorið

Lag: Sigvaldi Kaldalóns Texti: Eggert Ólafsson

D em A D
Ísland ögrum skorið,
em A
eg vil nefna þig,
E A
sem á brjóstum borið
E A
og blessað hefur mig
bm E A
fyrir skikkan skaparans.

Vertu blessað, blessi þig
E A
blessað nafnið hans.

D em A D
Ísland ögrum skorið,
em A
eg vil nefna þig,
D G
sem á brjóstum borið
A bm
og blessað hefur mig,
A D G
sem á brjóstum borið
A D
og blessað hefur mig.

Konkattre kalle

Skátalag

dm A dm
:/: Kon-kattre-kalle-ró-fafí-kalla-dú :/:
A
:/: Kallama-kallama-kallameli-skilima
dm
kalla-misk-mask
A dm
kalla-júskelíjas-kalladú :/:

Konan sem kyndir ofninn minn

Lag: Sverrir Helgason

Texti: Davíð Stefánsson frá Fagraskógi

A
Ég finn það gegnum svefninn,
c#m
að einhver læðist inn
bm E
með eldhúslampann sinn,
A f#m
og veit, að það er konan,
bm E A
sem kyndir ofninn minn,
E
sem út með ösku fer
A
og eld að spónum ber
E
og yljár upp hjá mér,
A f#
læðist út úr stofunni
D E A
og lokar á eftir sér.

Ég veit að hún á sorgir,
en segir aldrei neitt,
þó sé hún dauðapreytt,
hendur hennar sóttugar
og hárið illa greitt.
Hún fer að engu óð
er öllum mönnum góð
og vinnur verk sín hljóð -
Sumir skrifa í öskuna
öll sín bestu ljóð.

Ég veit að þessi kona
er vinafá og snauð
af veraldlegum auð,
að launin, sem hún fær,
eru last og daglegt brauð.
En oftast er það sá,
sem allir kvelja og smá,
sem mesta mildi á. -
Fáir njóta eldanna,
sem fyrstir kveikja þá.

Krummi svaf í klettagjá

Íslenskt þjóðlag. Ljóð: Jón Thoroddsen

gm

Krummi svaf í klettagjá

kaldri vetrarnóttu á,

Verður margt að meini,

dm gm

Verður margt að meini,

Fyrr en dagur fagur rann

freðið nefið dregur hann

:/: Undan stórum steini :/:

Allt er frosið úti gor

ekkert fæst við ströndu mor

:/: svengd er metti mína, :/:

Ef að húsum heim ég fer

heimfrakkur bannar mér

:/: seppi úr sorpi að tína. :/:

Á sér krummi ýfði stél,

einnig brýndi gogginn vel

:/: flaug úr fjallagjótum, :/:

Lítur yfir byggð og bú,

á bæjum fyrr en vakna hjú,

:/: veifar vængjum skjótum. :/:

Sálaður á síðu lá

sauður feitur garði hjá

:/: fyrrum frá á velli, :/:

Krunk, krunk, nafnar, komið hér

krunk, krunk því oss búin er

:/: krás á köldu svelli. :/:

Kveikjum eld

Lag og ljóð: Árni úr Eyjum

D

Kveikjum eld, kveikjum eld,

G

kátt hann brennur.

A

Sérhvert kveld, sérhvert kveld,

D

syngjum dátt.

Örar blóð, örar blóð

G

um æðar rennur.

A

Blikar glóð, blikar glóð,

D

brestur hátt.

G

D

Hæ, bálið brennur, bjarma á kinnar slær.

bm

E

A

Að logum leikur ljúfasti aftanblær.

D

Kveikjum eld, kveikjum eld,

G

kátt hann brennur.

A

Sérhvert kveld, sérhvert kveld,

D

syngjum dátt.

Kisutangó

Japanskt barnalg. Texti: Magnús Pétursson

am

Mín kisa á vökul eyru

E

og veiðihár og rófu

og viðkvæmt lítið trýni

am

hún sleikir oft og þvær.

Hún unir dátt við leiki

A

dm

og aldrei sýnir klær

am

og engin kisa í heimi

E

am

á svo fimar tær.

am

dm

G7

am

Mín kisa dansar tangó, tangó, tangó,

E

hún teygir sig og reigir

am

og er svo fött og brött.

am

dm

G7

am

Mín kisa dansar tangó, tangó, tangó,

E

ég trúað gæti að margir

am

vildu eiga slíkan kött!

Tra - lala-lala-la - mjá-á-á.

Kvæðið um fuglana

Lag: Atli Heimir Sveinsson.

Texti: Davíð Stefánsson frá Fagraskógi

em B7
Snert hörpu mína, himinborna dís,
em C G
svo hlusti englar guðs í Paradís.
am B7 em em7
Við götu mína fann ég fjalarstúf
A B7 em
og festi á hann streng og rauðan skúf.

B7
Úr furutrú, sem fann ég út við sjó
em C G
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.
am B7 em em7
Í huganum til himins oft ég svíf
A B7 em
og hlýt að geta sungið í þá líf.

B7
Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
em C G
og sumir verða alltaf lítil börn.
am B7 em em7
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
A B7 em
og sameinar með töfrum loft og jörð.

B7
Ég heyri' í fjarska villtan vængjapýt.
em C G
Um varpann leikur draumsins perluglit
am B7 em em7
Snert hörpu mína himinborna dís,
A B7 em
og hlustið, englar guðs í Paradís.

Líkar þér við minn...

Höfundur óþekktur

D
Líkar þér við minn fjórfætta vin
A
því að amma' hans er ef til vill önd,
sem að syndir í sefinu í hring
D G A
þegar sólin gægist fram,
D
og nú heldurðu að sagan sé öll
og það er hún!

La cucaracha

Spænskt þjóðlag. Texti frá Mexíkó.

D
La cucaracha,
la cucaracha.
A
Ya no puede caminar,
porque no tiene,
porque le falta
D
una patita de atras.

Endurtekið eins í annað sinn nema síðasta
línan breytist í;
dos patita de atras.

Endurtekið eins í þriðja sinn nema síðasta
línan breytist í;
tres patita de atras.

Endurtekið eins í fjórða sinn nema síðasta
línan breytist í;
cuatro patita de atras.

Lausleg þýðing:
Kakkalakkinn getur ekki gengið
því hann vantar einn fót/tvo fætur osfr.

Labbað í fjörunni

Erlent lag: Texti. Margrét Pála Ólafsdóttir

dm G dm
(Nafn) labbar í fjörunni
A dm
og kastar stórum steini
G dm
(nafn barns) labbar í fjörunni og (hún/hann)
dm A dm
kastar stórum steini.

eða:

(Nafn) labbar íróðinni og brosir út af eyrum....

(Getur líka verið heill hópur)

Lína Langsokkur

Lag: Jan Johansson. Þýðing texta: Kristján frá Djúpalæk

D em
Hér skal nú glens og gaman
A D

við getum spjallað saman.

em
Gáum hvað þú getur

A D
vinur, gettu hver ég er.

em
Verðlaun þér ég veiti

A D
ef að veistu hvað ég heiti.

em
En vaðir þú í villu

A D A
þetta vil ég segja þér.

D G
Hér sérðu Línu langsokk,
A

tralla hó, tralla hei, tralla hoppsasa.

D G
Hér sérðu Línu langsokk

A D
já, líttu það er ég.

D em

Og þú sérð minn apa

A D
minn sæta, fína, litla apa.

em
Herrann Níels heitir

A D
já, hann heitir reyndar það.

em
Hérna höll mín gnæfir

A D
við himin töfraborg mín gnæfir.

em
Fannstu annan fegri

A D A
eða frægðarmeiri stað?

D G
Hér sérðu Línu langsokk,
A

tralla hó, tralla hei, tralla hoppsasa.

D G
Hér sérðu Línu langsokk

A D
já, líttu það er ég.

D em
Þú höll ei hefur slíka

A D

ég á hest og rottu líka

em
og kúfullan af krónum

A D
einnig kistil á ég mér.

em
Verið allir vinir,

A D
velkomnir - einnig hinir.

em
Nú lifað skal og leikið

A D A
nú skal líf í tuskum hér.

D G

Hér sérðu Línu langsokk,
A

tralla hó, tralla hei, tralla hoppsasa.

D G
Hér sérðu Línu langsokk

A D
já, líttu það er ég.

Lítill heimur

Erlent lag. Þýðing: Friðrik Guðni Þórleifsson

G D
Það er gott að vera sem gleðin býr,

G
þar sem gerast sögur og ævintýr,

svona er veröldin okkar

C (Cm)
sem laðar og lokkar

D G
svo ljúf og hýr.

G D
Lítill heimur ljúfur, hýr

G
lítill heimur ljúfur, hýr

C /
lítill heimur ljúfur, hýr

D G
eins og ævintýr.

Lítið, lasið skrímsli

Lag og texti: Olga Guðrún Árnadóttir

A D A
Ég er lítið lasið skrímsli
E A
og mig langar ekkert út.
B E
Hornin mín eru völt og veik
B E
og mig vantar snytuklút.
A D A
Ég er orðinn upplitaður,
E A
ég er orðinn voða sljór.
B E
Ég held ég hringi í lækni
B E
því að halinn er svo mjór.

A D E A
Skrímsli eru eins og krakkar,
E A
ósköp vesæl ef þau næla sér í kvef.
B E
Hver er hræddur við skrímsli
B E
sem er hóstandi og með stíflað nef?

Augun mín, þau standa á stilkum,
annað starir út í vegg,
og ég held að aldrei aftur
muni á mér vaxa skegg.
Ó, mamma, elsku mamma,
nú ég meðal verð að fá,
glás af iðandi ormum,
annars kemst ég ekki á stjál!

Skrímsli eru eins og krakkar ...

Ég er lítið lasið skrímsli
og mig langar ekkert út.
Hornin mín eru völt og veik
og mig vantar snytuklút.

Ég er orðinn upplitaður
ég er orðinn voða sljór,
ég held ég hringi í lækni
því að halinn er svo mjór.

Skrímsli eru eins og krakkar ...

Lóan er komin

Lag: Amerískt lag. Ljóð: Páll Ólafsson

C F C
Lóan er komin að kveða burt snjóinn.
G
Kveða burt leiðindin, það getur hún.
C F C
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,
G C
sólskin í dali og blómstur í tún.
G C
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,
am D G
ég sofi of mikið og vinni ekki hót,
C F C
hún hefur sagt mér að vaka og vinna
G C
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

Lygaramerki á tánum (Láttu aftur augun þín)

Lag: Valgeir Guðjónsson/Leifur Hauksson. Texti: Pétur Gunnarsson

am G
Láttu aftur augun þín,
am G
nú er úti dagsins grín
am G
og allir komnir inn til sín
B F
utan kannski nokkur lítil hrekkjusvín.
gm F d#m D7 gm
Fyllibyttur þamba brennivín.
gm F d#m F
Fyrr en varir þú ert orðinn stór
gm F gm
upp á eigin spýtur.
F d#m F
Verðurðu feitur eða kannski mjór?
gm F d#m
Eignastu konu sem hrýtur?

Eldrauður í andliti
sefur lítill beljaki.
Opnar munninn brosandí
í draumi hámar í sig fullt af sælgæti
og skorar mark gegn Þrótti á Norðfirði.

Fyrr en varir þú ert orðinn stór
upp á eigin spýtur.
Verðurðu feitur eða kannski mjór?
Eignastu konu sem hrýtur?

Strax á morgun byrjar ballið
er bærinn skryddur fánum.
Sofa landsins æðslu lykilmenn
með lygaramerki á tánum.

Maístjarnan

Lag: Alþýðulag/Jón Ásgeirsson. Ljóð: Halldór Laxnes

am dm
Ó hve létt er þitt skóhljóð
am G
ó hve lengi ég beið þín
C F
það er vorhret á glugga,
G E
napur vindur sem hvín,
A dm
en ég veit eina stjörnu,
G C
eina stjörnu sem skín,
dm am
og nú loks ertu komin,
E am
þú ert komin til mín.

Það eru erfiðir tímar
það er atvinnuþref,
ég hef ekkert að bjóða,
ekki ögn sem ég gef,
nema von mína og líf mitt
hvort ég vaki eða sef,
þetta eitt sem þú gafst mér
það er allt sem ég hef.

En í kvöld lýkur vetri
sérhvers vinnandi manns,
og á morgun skín maísól,
það er maísólin hans,
það er maísólin okkar,
okkar einingarbands,
fyrir þér ber ég fána
þessa framtíðarlands.

Með sól í hjarta

Lag: You are my sunshine

D
Með sól í hjarta og söng á vörum
G D
við setjumst niður í grænni laut,
G D
í lágu kjarri við kveikjum eldinn,
A D
og kakó hitum og eldum graut.

Enn logar sólin á Súlnatindi,
og senn fer nóttin um dalsins kinn,
og skuggar lengjast og skátinn þreytist,
hann skríður sæll í pokann sinn.

Og skáta dreymir í værdarvoðum
um varðeld, kakó og nýjan dag.
Af háum hrotum þá titra tjöldin,
í takti, einmitt við þetta lag.

Malaika

Fadhili Williams. Íslenskur texti:Höf ók.

D A7 D
:Malaika nakupenda malaika:
G
Nami nifan ja ye,
A7
kia na mwensi oh,
D A7
:nasi dvana mail sina whe,
D
ninge kuda malaika:

D A7 D
:Malaika allir dansa malaika:
G
út á gólfíð með þig
A7
komdu að dansa við mig.
D A7
:Allir dansa hér og syngja með
D
káta lagið Malaika:

(hægt að leika sér með endinn veikt og sterkt)

Myndin hennar Lísu

Lag og texti: Olga Guðrún Árnadóttir

dm A7 dm A7
Gult fyrir sól, grænt fyrir líf
gm dm E7 A7
grátt fyrir þá sem reka menn út í stríð.
dm A7 dm C F
Hvítt fyrir börn sem biðja um frið,
gm dm E7 A7
biðja þess eins að mega að lifa eins og við.
dm F A7 dm
Er ekki jörðin fyrir alla?

dm A7 dm A7
Taktu þér blað, málaðu á það,
gm dm E7 A7
mynd þar sem allir eiga öruggan stað.
dm A7 dm C F
Augu svo blá, hjörtu sem slá,
gm dm E7 A7
hendur sem fegnar halda frelsinu á.
dm F A7 Dm
Er ekki jörðin fyrir alla?

Nú er frost á Fróni (Porraþræll 1866)

(Porraþrællinn 1866) Þjóðlag. Ljóð: Kristján Jónsson

C
Nú er frost á Fróni,

frýs í æðum blóð.

G
Kveður kuldaljóð,
C

Kári' í jötunmóð.

Yfir laxalóni

liggur klakaþil

G
hlær við hríðarbyl

C
hamragil.

G
Marar bára blá

C
brotnar þung og há

G
unnar steinum á

C
yggld og grett á brá.

Yfir aflatjóni

æðrast skipstjórinn.

G
Harmar hlutinn sinn

C
hásetinn.

Horfir á heyjaforðann

hryggur búandinn:

“Minnkar stabbinn minn,
magnast harðindin.

Nú er hann enn að norðan,
næðir kuldaél

yfir móa' og mel,
myrkt sem hel.”

Bóndans býli á
þjörtum þeytir snjá.

Hjúin döpur hjá
honum sitja þá.

Hvítleit hingaskorðan
huggar manninn trautt:

Brátt er búrið autt,
búið snautt.

Þögull þorri heyrir
þetta harmakvein,
en gefur grið ei nein,
glíkur hörðum stein,
engri skepnu eirir,
alla fjær og nær
kuldaklónum slær
og kalt við hlær:

“Bóndi minn, þitt bú
betur stunda þú.

Hugarhrelling sú
er hart þig þjakar nú,
þá mun hverfa' en fleiri
höpp þér falla í skaut.
Senn er sigruð þraut,
ég svíf á braut.

Nú er úti norðanvindur

Þjóðlag frá Týrol.

Texti: Ólafur Kristjánsson frá Mýrarhúsum

D

Nú er úti norðanvindur,

A
nú er hvítur Esjutindur.

Ef ég ætti úti kindur

D
þá mundi ég láta þær allar inn,

A D
elsku besti vinur minn.

A
Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassa-sa.

D
Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassa-sa.

Upp er runninn öskudagur,
ákaflega skír og fagur.

Einn með poka ekki ragur
úti vappar heims um ból.

Góðan daginn, gleðileg jól
Úmbarassa ...

Elsku besti stálagrér,
heyrirðu hvað ég segi þér:

“Þú hefur étið úldið smér,
og dálítið af snæri,

elsku vinurinn kæri”.
Úmbarassa ...

Þarna sé ég fé á beit,
ei er því að leynd.

Nú er ég kominn upp í sveit
á rútunni hans Steina.

Skilurðu hvað ég meina?
Úmbarassa ...

Höfði stingur undir væng,
hleypur nú á snærið.

Hún Gunna liggur undir sæng,
öll nema annað lærið.

Nú er tækifærið.
Úmbarassa ...

Nú tjalдар foldin fríða

Lag: Mozart. Texti: Þorsteinn Erlingsson

C
Nú tjalдар foldin fríða,
G C
sinn fagra blómasal.

Nú skal ég léttur líða
G C
um lífsins táradal.

G C
Mér finnst oss auðnan fá
D7 G
þar fagra rósabraut.
C F
Þótt allir aðrir sjái
G C
þar aðeins böl og þraut.

Óðurinn til gleðinnar

Lag: Beethoven. Texti: Mattías Jochumsson

D A
Fagra gleði, guða logi,
D A
Gimlis dóttir, heill sé þér.
D A
Í þinn hásal, hrifnir eldi,
D A D
heilög gyðja komum vér.
A D A D
Þínir blíðu töfrar tengja,
A D E A
tískan meðan sundur slær;
D A
allir bræður aftur verða
D A D
yndisvængjum þínum nær.

Pompulagið

Höfundur óþekktur

D
:/: Ég pompa á bossann í skólanum :/
em A
Ég pompa á bossann en iss iss iss siss
með það.
G A
Ég pompa á bossann en stend upp og held af
D
stað.

Óskasteinar

Lag: Bardos Lajos. Texti: Hildigunnur Halldórsdóttir

am dm am E am
Fann ég á fjalli fallega steina
dm am E am
faldi þá alla vildi þeim leynd,
dm E
huldi þar í hellisskúta heillasteina
am dm am dm am
alla mína unaðslegu ósk-a steina.

dm am E am
Langt er nú síðan leit ég þá steina
dm am E am
lengur ei man ég óskina neina
dm E
er þeir skyldu uppfylla um ævidaga
am dm am dm am
ekki frá því skýrir þessi litl-a saga.

dm am E am
Gersemar mínar græt ég ei lengur
dm am E am
geti þær fundið telpa eða drengur
dm E
silfurskæra kristalla með grænu og gráu
am dm am dm am
gullna roðasteina rennda fjól-u bláu.

Pálína með prikið

Norskt þjóðlag. Texti: Guðmundur Daníelsson

D
Pálína með prikið potar sér gegnum rykið,
A D
rogast hún með rjóma, rembist hún með smjör.
A D
Þetta verður veisla, vítamín og fjör.
D A D A D
Pálína með prikið. Pálína með prikið.

Pálína með þakkann þakkar heim allan
þakkann.

A D
Vertu ekki vond þótt vísan sé um þig.

A D
Pálína með þakkann, passar fyrir mig.
D A D A D
Pálína með þakkann. Pálína með þakkann.

Rigningardagur í nóvember

Lag: Pia Raug. Texti: EbbaMunk/Aðalsteinn Ásberg

D A D
Ég vil mála dægrin blá,
G A D
marga sólargeisla sjá,
em
lita bæði ljós og skugga,
A D
láta eitthvað við mér stugga,
em
horfa út um opinn glugga.
A D
Ég vil mála dægrin blá.

A D
Ég vil mála dægrin gul,
G A D
minnast ekki á næturkul,
em
eiga í önnur hús að venda,
A D
almanaki gömlu henda,
em
trúa að regnið taki enda.
A D
Ég vil mála dægrin gul.

A D
Ég vil mála dægrin rauð,
G A D
muna náttúrunnar auð,
em
sóleyjar og fjólar finna,
A D
fífil, smárablóm og vinna,
em
því að mörgu þarf að sinna.
A D
Ég vil mála dægrin rauð.

Ég vil mála dægrin græn,
mild og hlý og fagurgræn,
kveikja kertaljós í stjókum,
kætast, gleyma undirhökum,
ná á spegli nýjum tókum.
Ég vil mála dægrin græn.

Ég vil mála dægrin hvít,
margvísleg, til einhvers nýt,
þurka af og þvo og bóna,
þrífa og þússa gömlu skóna,
hlusta á forna og fræga tóna.
Ég vil mála dægrin hvít.

Ég vil mála dægrin ljós,
meta aftur gamalt hrós.
Nú með stakri stundarlýju,
styttir upp um klukkan tíu.
Þurr er nóvember að nýju.
Ég vil mála dægrin ljós.

Saknaðarljóð

Lag: Heiðís Norðfjörð. Texti: Kristján frá Djúpalæk

dm am
Hljótt er nú í húsum inni.
B7 em
Harmur býr í allra sinni.
dm am
Hvar er litla Píla pína?
B7 em
Sárt er að missa sína.

dm am
Burt hún hvarf og brekkan grætur
B7 em
birtist mér í draumi um nætur.
dm am
Veslings litla Píla pína,
B7 em
sárt er að missa sína.

em B7
Músaguð við hættum hlífi
C D
henni, sé hún enn á lífi.
am em
Græt ég, litla Píla pína.
B7 em
Sárt er að missa sína.

dm am
Rætast óskir hennar heitar,
B7 em
hún það finni sem hún leitar.
dm am
Komdu aftur, Píla pína!
B7 em
Sárt er að missa sína.

Signir sól

Þýskt lag. Ljóð: Gunnar M. Magnúss

D A
Signir sól sérhvern hól.

Sveitin klæðist geislakjól.

A
Blómin blíð, björt og fríð,
D A D
blika fjalls í hlíð.

A
Nú er fagurt flest í dag.
D

Fuglar syngja gleðibrag.

A
Sumarljóð, sæl og rjóð,
D A D
syngja börnin góð.

Sjö litlar mýs

Erlent lag. Texti: Ómar Ragnarsson

C F
Sjö litlar mýs sátu í hóp
C G
er síðkvöld út í garðinn ég fór.
F C
Eruð þið ekki hræddar, undrandi ég spurði
G C
en undir eins þær svöruðu í kór.

(talað)

Allar saman nú. Einn tveir, þrír.

C am F G
Nei, við ætlum að vera svo ósköp þæg og góð
C am F G
svo allir geti haft það gott hjá músapjóð.
F C F C
Jólunum á, eru allir vinir
G C
og við syngjum fagnaðarljóð.

F
Þá heyrðist hvísl en kyrrar sátu mýsnar
C G
er kisuhópur framhá þeim fór.
F C
Ég spurði: Ætlið þið kisur að éta litlu mýsnar
G C
En undir eins þær svöruðu í kór.

(talað)

Allar saman nú. Einn tveir, þrír.

C am F G
Nei, við ætlum að vera svo ósköp þæg og góð
C am F G
svo allir geti haft það gott hjá kattapjóð.
F C F C
Jólunum á, eru allir vinir
G C
og við syngjum fagnaðarljóð.

F
Ég fór inn í hús og hitti börn sem voru
C G
að hjálpa mömmu glaðleg og rjóð.
F C
Ég spurði: Eruð þið hætt að hrekkja og vera
óþekk
G C
og hýr og glöð þau sungu þetta ljóð.

(talað)

Allir saman nú. Einn tveir, þrír.

C am F G
Nei, við ætlum að vera svo ósköp þæg og góð
C am F G
svo allir geti haft það gott hjá vorri þjóð.
F C F C
Jólunum á, eru allir vinir
G C
og við syngjum fagnaðarljóð

Sjóaralag

Lag: Malvina Reynolds. Texti: Margrét Pála Ólafsdóttir

G
Siglum á sjóinn,
C G
syngjum gleðilag.
C G
Saman öll við eigum
am D
þennan yndislega dag.
G
Siglum á sjóinn,
C G
syngjum gleðilag.
C G
Saman öll við eigum
am D G
þennan yndislega dag.

Sigga stýri stjórnar
með stefni' í rétta átt.
Diddi horfir hugfanginn
á hafið undrablát.
Siglum á sjóinn,
syngjum gleðilag.
Saman öll við eigum
þennan yndislega dag.

Jói fiskinn fangar
sem fer í pottinn brátt.
Dóra' er káti kaffeinninn
sem kallar taktinn hátt.
Siglum á sjóinn,
syngjum gleðilag.
Saman öll við eigum
þennan yndislega dag.

Skýin

Spilverk þjóðanna

C
Við skýin
felum ekki sólina af illgirni,
við skýin
erum bara að kíkja á leiki mannanna. G
Við skýin
sjáum ykkur hlaupa...oo oo o.. í rokinu,
klædd gulum, rauðum, grænum, bláum
regnkápum
eins og regnbogi meistarans, C G
regnbogi meistarans. C G
Við skýin erum bara grá F G
bara grá. F C
Á morgun kemur sólín, F E
hvar verðum við skýin þá?
E
Hvar þá? (hvar þá), hvar þá? (hvar þá) B E
Hvar þá? (hvar þá), hvar þá? (hvar þá)
Hvar þá? (hvar þá), hvar þá (hvar þá) B E
Hvar verður um skýin þá?

Skessu vöggusöngur

Lag: Sænskt þjóðlag Þýðing texta; Margrét Pála Ólafsdóttir

dm A dm A
Hóþinn sinn tröllskessan háttaði rétt
dm A dm
og halana batt með sóma A dm A
og ungana svæfði hún ellefu létt
dm A dm
með orðum sem fegurst hljóma
gm A dm
Hú æj æj æj a búff
gm A dm
hú æj æj æj a búff
dm
Hú æj æj æj a búff búff
gm A dm
hú æj æj æj a búff

Skammarsöngur Soffiu frænku

Lag: Thorbjörn Egner. Þýðing: Kristján frá Djúpalæk
(Gott að nota Capo)

D
Ja fussum svei, ja fussum svei,
A D
mig furðar þetta rót.
G D
Í hverju skoti skúm og ryk
E7 A
og skran og rusl og dót,
D
en Jesper skal nú skítinn þvo
E A
og skrapa óhroðann
D
og hann má því næst hlaupa út
A D
að hjálpa Jónatan.

En Kasper brenni kurla skal
A D
og kynda eldinn vel,
G D
af heitu vatni hafa nóg
E7 A
ég heldur betra tel.
D
Því Jesper bæði og Jónatan
E A
senn ég í baðið rek
D
og vilji þeir ei vatnið í
A D
með valdi þá ég tek.

Því andlit þeirra eru svört,
A D
já, eins og moldarflag,
G D
og kraftaverk það kalla má
E7 A
að koma þeim í lag.
D
Ef sápa ekki segir neitt
E A
ég sandpappír mér fæ
D
og skrapa þá og skúra fast
A D
uns skítnum burt ég næ.

Skólasöngur Barnaskóla Hjallastefnunnar

Lag: Georg Riedel. Texti: Unnur Halldórsdóttir

D G
Í skólanum gagn er og gaman,
A D
og gleðin í hjörtunum býr.
G
Með stolti þar störfum við saman,
A D
og stefnan er einföld og skýr:
D G
Hér eiga sín allir að njóta,
A D
og upplifa hamingju og sátt.
G
Já, múrana burtu skal brjóta,
A D
og benda í framtíðarátt.

G
Hér viljum við vináttu rækja,
A D
og vera hvert öðru svo góð.

G
Af forvitni fróðleikinn sækja,
A D
og fylla á reynslunnar sjóð.

G
Á oddinn við umhverfið setjum,
A D
og ætlum að standa þar vörð.

G
já, alla við endregið hvetjum,
A D
til umhyggju við þessa jörð.

G
Ef styrkinn sinn stelpurnar nýta,
A D
þær stökkva yfir hindranir létt.

G
Á fjölbreyttar lausnir þær lífa,
A D
og lífsglaðar taka á sprett.

G
En strákarnir farveginn finna
A D
og fimlega stíga sinn dans.

G
Þeir einhuga allir hér vinna,
A D
og allir því komast til manns.

Skólasöngur Hjallastefnunnar (Í skóla er gaman)

Lag: Atli Heimir Sveinsson. Texti: Auður Teitsdóttir

G
Í skóla er gaman,
C G
krakkar leika.

Strákarnir dansa,
A
stelpur spinna,
D
gleði finna.
G C D G
Hlæja og hlæja í hjarta sér.
C D G
Hlæja og hlæja í hjarta sér.

Í skóla er gaman,
krakkar leika.
Stelpurnar dansa,
strákar spinna,
gleði finna.
Hlæja og hlæja í hjarta sér.
Hlæja og hlæja í hjarta sér.

Sól sól skín á mig

Lag: S. Gilmark

Texti: Magnús Pétursson og Sveinbjörn Einarsson

C dm
Sólin er risin, sumar í bænum,
G C
sveitirnar klæðast feldinum grænum.

G
Ómar allt lífið af yndi og söng
D G
unaðsbjörtu dægrin löng.

C
Sól sól skín á mig
D
ský ský burt með þig.
dm C A7
Gott fyrir sólina að gleðja sig
dm G C
sól sól skín á mig.

Skrugguskrýtin vísa

Lag: Ágústa María Arnardóttir.
Texti: Margrét Pála Ólafsdóttir

D G D
Kannast þú við krakkahóp
 A D
með kannaranum vænum?
 G D
þau fljúga um sem fuglarnir
 A D
á furðu himni grænum.

 A D
Þetta er ruggu-duggu-skruggu-skrýtin vísa;
A D
skóáburður hjól og dúkkulísa.

 A D
Þetta er ruggu-duggu-skruggu-skrýtin vísa;
A G D
skíðastafir, kál og soðin ýsa.

Og kýrnar allar hneggja hátt
með hökuþróðu skeggi.
En fiskar vappa um hól og völl
og verpa hænuaggi.

viðlag:
Þetta er ruggu-duggu-skruggu-skrýtin vísa;
skóáburður hjól og dúkkulísa.
Þetta er ruggu-duggu-skruggu-skrýtin vísa;
skíðastafir, kál og soðin ýsa.

Kisur ætla út í heim
í útigalla hlýjum
og hengja á sig húfugarm
og hálstrefil úr skýjum.

Seppar borða sætabrauð
úr sandi bika svörtum
og drekka síðan sóðavatn
úr sólargeislum svörtum.

viðlag:
Þetta er ruggu-duggu-skruggu-skrýtin vísa;
skóáburður hjól og dúkkulísa.
Þetta er ruggu-duggu-skruggu-skrýtin vísa;
skíðastafir, kál og soðin ýsa.

Sóleyjarkvæði

Lag: Pétur Pálsson Texti: Jóhannes úr Kötlum

dm
Sóley sólu fegri
gm dm
situr við hafið á kóralskóm
 C
leikur við lynda
dm A dm
lykill frá Róm

Augun blá eins og stjörnur
varinnar rauðar sem blóm
Augun blá eins og stjörnur
varinnar rauðar sem blóm

Djúpsæir dularfullir
dagarnir hennar líða
tíbrá varpar titrandi birtu
á silkið síða.
Og eitt er víst
að óskirnar fljúga víða
og eitt er víst að
óskirna fljúga víða

Hjúfur fellur af himinboga
á hvelfdan barm.
Gullkamb ber hún í hári
silfurmen um arm.
Felur hún undir tungunnar rót
sinn þyngsta harm
felur hún undir tungunnar rót
sinn þyngsta harm.

Sólin skín og skellihlær

Þjóðlag frá Austurríki

C
Sólin skín og skellihlær,
 G
við skulum syngja lag.
 C
Vetur kaldur var í gær,
 F G C
en vorið kom í dag.

 G C
Fallerí, fallera,
 G C
fallerí, fallera-ha-ha-ha-ha-ha,
 G C
fallerí fallera,
 F G C
en vorið kom í dag.

Sofðu unga ástin mín

Íslenskt þjóðlag. Texti: Jóhann Sigurjónsson

dm A7 dm
Sofðu, unga ástin mín,
A A7
úti regnið grætur.
dm B C F
Mamma geymir gullin þín,
A7 dm B A
gamla leggi' og völuskrín.
A dm gm A A7 dm
Við skulum ekki vaka' um dimmar nætur.

A7 dm
Það er margt, sem myrkrið veit,
A A7
minn er hugur þungur.
dm B C F
Oft ég svartan sandinn leit
A7 dm B A
svíða grænan engireit.
dm gm A A7 dm
Í jöklinum hljóða dauðadjúpar sprungur.

A7 dm
Sofðu lengi, sofðu rótt,
A A7
seint mun best að vakna.
dm B C F
Mæðan kenna mun þér fljótt,
A7 dm B A
meðan hallar degi skjótt,
dm gm A A7 dm
að mennirnir elska, missa, gráta og sakna.

Spilað á trommuna

Hjallastefnan

D A D
(nafn) spilar á trommuna
A
hún/hann spilar á trommuna
D
og við syngjum öll með.
G A
Góðan dag góðan dag
D bm
hvernig líður þér í dag?
G A D
við vonum að þér líði vel
A D
jú hú

og svo réttir hún/hann trommuna
til (nafn) og (nafn) spilar

og við syngjum öll með
góðan dag góðan dag
hvernig líður þér í dag
við vonum að þér líði vel
jú hú
o.s frv

Strengir

Lag: Herdís Egilssdóttir. Texti: Kristján frá Djúpalæk

D
Steinarnir eru strengir,
A
strengina vatnið knýr.

Gaman það væri' að vita
D
hvað í vatnsins huga býr.

Hvaðan skyldi það koma
A
hvert er heitið þess ferð!

Síðar á öldum söngsins
D D7
samferða því ég verð.

G
Lyngið á líka strengi,
D
leikur blærinn á þá
A
söngva sorgar og gleði
D D7
er í sálum kveikja þrá.
G
Vorljóð draums og vonar
D
veröldin syngur öll.
G
Berast vil ég með blænum
D G D
burt yfir hæstu fjöll.

G
Trallalla la, la lalla lalla
D
lalla, la
A
la, la lalla lalla
D G D A D
la, la, la, lalla lalla la

Syngjandi geng ég allsstaðar

Írskt þjóðlag. Texti: Jónas Árnason

F C
Syngjandi hér, syngjandi þar,
G C
syngjandi geng ég allsstaðar
F C
sí og æ, æ og sí,
G C
aldrei fæ ég nóg af því.

G C
Einu sinni ég átti kú
G C
einu sinni átti ég kú.
F C
Hún sagði ekki mö, heldur ba, ba, bú.
G C
Já, býsna skrýtin var kýrin sú.

Syngjandi hér ...

:/: Einu sinni ég átti geit. :/
Hún fékkst aldrei til að fara á beit,
því feimin hún var og undirleit.

Syngjandi hér ...

:/: Ég átti hrút, og hann var grár. :/
Svo skipti hann um lit, og eftir ár
hann orðinn var næstum því fjólublár.

Syngjandi hér ...

:/: Ég átti líka hund sem oft svaf fast. :/
og þegar rigndi og það var hvasst,
þá fékk hann alltaf gigtarkast.

Syngjandi hér ...

:/: Ég átti klár sem Kappi hét. :/
Og ef ég hnakk minn á hann lét,
hann útaf lagðist og stundi og grét.

Syngjandi hér ...

:/: Ég átti fugl sem í búi bjó. :/
Hann aldrei söng, jafnvel ekki þó
að undir væri leikið á píanó.

Syngjandi hér ...

:/: Ég átti kött sem var klókur og vís. :/
Hann var andvígur því að eltast við mýs,
en át bara kökur og rjómaís.

Sumarkveðja

Lag: Ingi T. Lárusson. Ljóð: Páll Ólafsson

C F
Ó, blessuð vertu sumarsól,
G C
er sveipar gulli dal og hól
C F D
og gyllir fjöllin himinhá
G C
og heiðarvötnin blá.
A dm
Nú fossar, lækir, unnir, ár
G C G7
sér una við þitt gyllta hár.
C F
Nú fellur heitur haddur þinn
G C
um hvíta jökulkinn.

Þú klæðir allt í gull og glans,
þú glæðir allar vonir manns,
og hvar sem tårin kvika á kinn,
þau kyssir geislinn þinn.
Þú fyllir dalinn fuglasöng,
nú finnast ekki dægrið löng,
og heim í sveitir sendirðu' æ
úr suðri hlýjan blæ.

Þú frjóvgar, gleður, fæðir allt,
um fjöll og dali og klæðir allt,
og gangirðu undir, gjörist kalt,
þá grætur þig líka allt.
Ó, blessuð vertu, sumarsól,
er sveipar gulli dal og hól
og gyllir fjöllin himinhá
og heiðarvötnin blá.

Söngur dýranna í Týról

Lag og texti: Egill Ólafsson og Valgeir Guðjónsson

C
Hann fór í veiðiferð í gær hann Úlfgang bóndi.
G C
Hann skildi húsið eftir autt og okkur hér.

Við erum glöð á góðri stund og syngjum saman
G C
stemma sem hann Helmút kenndi mér.

F C
Köttur, klukka, hreindýr, svín og endur, fyrir
löngu.
D G
Hófu saman búskap hér og sjá.
C G C
Jorúlorilóhí, jorúlorilóuhú, mjá, mjá, mjá, mjá,
aha, ha, ha.

G C
Jorúlorilóhí, jorúlorilóuhú, mjá, mjá, mjá, mjá,
mjá.

Söngur ræningjanna

Lag: Thorbjörn Egner. Þýðing: Kristján frá Djúpalæk

D
Við læðumst hægt og hljótt á tám
A
í hvert sinn sem við rænum.
Í kvenpersónu nú skal ná
D
því nóg er starf í bænum.
G
Og hafa skal hún fæði fínt
D
og finna allt sem nú er týnt.
A
Já allir að læra að meta það man
D
ætla Kasper og Jesper og Jónatan.

Og ljónið skal hún leika við
A
því ljónið má ei saka.

Og hún skal steikja kindakjöt
D
og kökur fínar baka.
G
Og bursta okkar skástu skó
D
og skaffa í eldinn brenni nóg.
A
Já, við munum læra að meta það man
D
allir, Kasper og Jesper og Jónatan.

Táp og fjör og frískir menn (Á fætur)

Lag; Sænskt lag Texti: Grímur Thomsen

Táp og fjör og frískir menn
finnast hér á landi enn.
Þéttir á velli og þéttir í lund
þrautgóðir á raunastund.
Djúp og blá
blíðum hjá
brosa drósum hvarmaljós.
Norðurstranda stuðlaberg
stendur enn á gömlum merg.

Til veiga

Lag: Bellmann. Ljóð: Hannes Hafstein

D G
Til veiga, til veiga
A D
vjer vekjum sérhvern mann!
G
kominn er illviðra kóngurinn Þorri
A D
kaldur og sárreiður ættjörðu vorri.
bm G
Með blóti, með blóti
A D
vjer blíðka skulum hann.
:/: Hann situr :/
á svelli lögðum stól.
Nær sem hann hnerrar hretin dynja,
hósti hann fold og jökla stynja.
:/: Í kvefi :/
er karlinn mesta fól.

:/: Hann gægist :/
með grettum frónið á:
“Ég sver það að ef nú enginn blótar,
aðfarir skal ég þá hafa hér ljótar.

:/: Því toddý :/
án tafar vil ég fá.”

(:/: Til forna :/
þá fékk ég blót að sjá.)

Tilfinningablús

Skandinavískt lag. Þýðing: Margrét Pála Ólafsdóttir

dm G A
Ég finn það ofan í maga o- ho
dm A dm
Ég finn það niður í fætur o- ho
dm G A
Ég finn það fram í hendur o- ho
dm A dm
Ég finn það upp í höfuð o- ho
E
Ég finn það hér og hér og hér
F
og hér og hér og hér og hér
dm
hvað ég er reið (glöð / leið / þreytt / hress)
hér inni í mér.

Um landið bruna bifreiðar

Lag og texti: Magnús Pétursson

D A D
Um landið bruna bifreiðar, bifreiðar, bifreiðar.

A D
Með þeim við skulum fá oss far og ferðast hér og þar.

G A D
Ba bú ba bú tra la la la la la
G A D
Ba bú ba bú tra la la la la.

A D
Um loftin fljúga flugvélar, flugvélar, flugvélar.

A D
Með þeim við skulum fá oss far og ferðast hér og þar.

G A D
Ba bú ba bú tra la la la la la
G A D
Ba bú ba bú tra la la la la.

A D
Um höfin sigla skúturnar, skúturnar, skúturnar.

A D
Með þeim við skulum fá oss far og ferðast hér og þar.

G A D
Ba bú ba bú tra la la la la la
G A D
Ba bú ba bú tra la la la la.

Undradrekinn Askur

Lag: Peter Yarrow. Texti: Margrét Pála Ólafsdóttir

G bm
Undradrekinn Askur
C G
einn í fjöru býr
C G
hvar leynist víst hjá lágum kletti

A D
landið Ævintýr.

G bm
Ask hinn ofurkáta

C G
elska börnin snjöll

C G em
og furðustein og fjaðraskraut

A D G
þau færa honum öll.

(D hljómur á milli erinda)

G bm
Í nausti bátur bíður

C G
sem ber þau út frá strönd

C G
því krakkastóð og karskur dreki

A D
kanna ókunn lönd.

G bm
En sjómenn fegnir flýja

C G
hin fiskisælu mið

C G em
er kemur Askur askvaðandi

A D G
og hans fylgdarlið.

(D hljómur á milli erinda)

G bm
Úr hafi hallir rísa

C G
og heimsækja þær ber.

C G
Askur strax með ofurbörn

A D
í eina þeirra fer.

G bm
Þar drottning býður dreka

C G
í djarfan sverðaslag

C G em
en konungur og kappasveitir

A D G
kyrja honum lag.

(D hljómur á milli erinda)

Í ævintýraanda
Askur lifa má
en börnin vaxa' og verða stór
og vini nýja fá.
Þann daginn drekinn grætur
og dapur eigrar um
en eldi bæði' og brennisteini
blæs úr kjaftinum

En gott úr öllu gerum
og gætum vel að því
að veita honum barnavini'
og vinkonur á ný
því undradrekinn Askur
einn í fjöru býr
hvar leynist víst hjá lágum kletti
landið Ævintýr.

Undir bláhimni

Lag: Joe Lyons/Sam C. Hart. Ljóð: Magnús Kr. Gíslason

D G D
Undir bláhimni blíðsumars nætur,
E A A7
barstu í arma mér rósfagra mey,
D G D
þar sem döggin á grasinu grætur,
G A D
gárást tjörninn í suðrænum þey.
G D
Ég var snortinn af yndisleik þínum,
E A A7
ástarþráin er vonunum felld.
D G D
Þú varst ljósblik á lífshimni mínum,
G A A7 D
þú ert ljóð mitt og stjarna í kveld.

Ég skal dansa við þig meðan dunar
þetta draumbliða lag, sem ég ann.
Meðan fjörið í æðunum funar
og af fögnuði hjartans, er brann.
Og svo dönsum við dátt, það er gaman,
meðan dagur í austrinu rís.
Og þá leiðumst við syngjandi saman
út í sumarsins paradís.

Ungarnir fimm

Texti: Hrafnhildur Sigurðardóttir
Úr bókinni: Með á nótunum.

D
Fimm ungar syntu langt í burt.
A
Pabbi þeirra vissi ekki hvurt.
D
Hann kvakaði hátt BRA BRA BRA BRA.
G A D
En bara fjórir ungar heyrðu það.

Fjórir ungar syntu lang í burt o.frv.

Þrír ungar syntu langt í burt o.frv.

Tveir ungar syntu langt í burt o.frv.

Einn ungi synti langt í burt.
Pabbi hans vissi ekki hvurt.
Hann kvakaði hátt BRA BRA BRA BRA.
Og loks heyrðu allir ungarnir það.

Upp á grænum, grænum

Lag: Dansk tónlag. Texti: Hrefna Samúelsdóttir Tynes

D
Upp á grænum, grænum,

himinháum hól,
A D
sá ég hérahjólin ganga.

Hann með trommu, bomm,

bomm, bomm bo romm bomm bomm,
A D
hún með fiðlu sér við vanga.
A D
Þá læddist að þeim ljótur
A D
byssukarl og miðaði í hvelli,

en hann hitti bara trommuna

sem small,
A D
og þau hlupu' og héldu velli.

Út um mela og móa

Skátalag. Texti: Ragnar Jóhannesson

D A
Út um mela og móa
D
syngur mjúkrödduð lóa
A
og frá sporléttum spóa
D
heyrir sprellfjörugt lag

A7 D
A a a holleratse hía
A
holleratse hí hú hú hú
D
holleratse hía holleratse hí hú hú hú
A
holleratse hía holleratsehí hú hú hú
A A7 D
holleratse hía hú

Út um stendur og stalla
hlakkar stór veiðibjalla.
Heyrið ómana alla
út um flóa og fjörð.

A a a holleratse ...

Hér er krian á kreiki
hér er krumminn á reiki.
Börnin léttstíg í leiki
fara líka í dag.

Úti er alltaf að snjóa (Söngur jólasveinanna)

Lag: Jón Múli Árnason. Ljóð: Jónas Árnason

C
Úti er alltaf að snjóa
D7
Því komið er að jóluþingi
og kólna fer í Pólunum.
G
En sussum og sussum og róa
C
ekki gráta elskan mín,
G
þó þig vanti vítamín.
C
Ávexti eigum við nóga
D7
handa litlu krökkunum
sem kúra sig í brökkunum.
G
Þú færð í magann þinn mjóa
C
melónur og vínber fín.

C7 F
Þótt kinnin þín litla sé kannski soldið köld og blá,
D7
áttu samt vini sem aldrei bregðast:
G
Af ávöxtunum skuluð þér nú þekkja þá.
C
Sussum og sussum og róa,
D7
ekki gráta elskan mín
þó þig vanti vítamín.
G
Þú færð í magann þinn mjóa
C F C
melónur og vínber fín.

Upp, upp, upp á fjall

Enskt keðjulag. Textahöfundur ókunnur

D
Upp, upp, upp á fjall,
upp á fjallsins brún.
Niður, niður, niður, niður
G A D
alveg niðr á tún

Vikivaki

Lag: Valgeir Guðjónsson. Ljóð: Jóhannes úr Kötlum

D G
Sunnan yfir sæinn breiða
D
sumarylín vinnar leiða
G A7
- draumalandið himinheiða
D bm
hlær og opnar skautið sitt.
em A7 D D7
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!
G A7 D bm
Aa aa, aa aa
em A7 D
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

G
Gakk þú út í græna lundinn,
D
gáðu fram á bláu sundin
G A7
- mundu að það er stutt hver stundin
D bm
stopult jarðneskt yndið þitt.
em A7 D D7
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!
G A7 D bm
Aa aa, aa aa
em A7 D
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

G
Allt hið liðna er ljúft að geyma,
D
láta sig í vöku dreyma.
G A7
Sólskinsdögum síst má gleyma
D bm
- segðu engum manni hitt.
em A7 D D7
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

G A7 D bm
Aa aa, aa aa
em A7 D
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

Við eigum hvor annan að

Lag: Henry Mancini. Texti: Ólafur Haukur Simonarson

G C
Við eigum hvor annan að
E A7
eins og skefti og blað

í lífsins skúraveðri.

D
Hanski og hönd,
G
hafið og strönd
C am
við eigum samleið ég og þú
D G
eins og vindur og vindubrú.

C
Andlit og nef,
E A7
nefið og kvef,

við hnerrum hjartanlega.

D
Allt gengur vel
G C F C
ef þú átt vinarþel.

F
Stundum fellur regnið strítt,
G
stundum andar golan blítt
C
öðrum stundum allt er hvítt
am
og svo verður aftur hlýtt.
F
Sumir kvarta sí og æ
G
svoleiðis ég skelliðhlæ.
G
Allt gengur miklu betur
F#
í vetur,
G F#
ef þú getur
G F# G
kæst með mér kampnum í.

C
Það verður bjart yfir borg,
E A7
bros um öll torg.

Við syngjum sólaröngva
D
snúðu á hæl,

G C C7
með þessu mælum við.

F G
Því ekkert jafnast á við það
C Am
að eiga góðan vin í stað,
F G
að standa tveir í hverri raun,
C
eru vináttulaun

Vertu til er vorið kallar á þig

Rússneskt þjóðlag. Ljóð: Tryggvi Þorsteinsson

Dm A
Vertu til, er vorið kallar á þig,
dm
vertu til að leggja hönd á plóg.
F gm dm
Komdu út því að sólskinið vill sjá þig
Gm dm A dm
sveifla haka og rækta nýjan skóg

F gm dm
Komdu út því að sólskinið vill sjá þig
Gm dm A dm
sveifla haka og rækta nýjan skóg.

Við göngum mót hækkandi sól

Skandinavískt lag. Ljóð: Aðalsteinn Sigmundsson

D A
Við göngum mót hækkandi sól, sól, sól,
D D7
og sjáum hana þíða allt er kól, kól, kól,
G
sjá vætlurnar streyma
D
og vetrinum gleyma,
A D D7
því vorið er komið með sól, sól, sól
G
sjá vætlurnar streyma
D
og vetrinum gleyma,
A D D7
því vorið er komið með sól, sól, sól

Ó, heill sé þér, bráðláta vor, vor, vor.
Velkomið að greikka okkar spor, spor, spor,
.: því ærsl þín og læti
og ólgandi kæti
er æskunnar paradís vor, vor, vor. .:.

Og hjörtu okkar tíðara slá, slá, slá.
Við slöngvum deyfð og leti okkur frá, frá, frá,
og leggjum til iðin,
í leysingakliðinn
það litla sem hvert okkar má, má, má.

Vísurnar um refinn

Lag: Thorbjörn Egner. Þýðing: Kristján frá Djúpalæk

A
Ég raula raunakvæði
E
um ref einn sem hér býr.

Í græðgi vill hann gleypa

A
hin góðu skógardýr.

D A
Já þett' er sorgarsöngur víst

E A
því sagan illa fer.

E A
Hæ fallerafaddí rúllanræ

E A
nú verstur endir er.

Einn dag hann var á veiðum
þar voru músahús..

Þá rak hann gular glyrnur
í gráa litla mús.

"Ég tek þig" sagði tæfan þá
upp trjából músin rann.

Hæ fallerafaddí rúllanræ
hún fylgsni öruggt fann.

Þá varð hann súr á svipinn
og sagði: "Gott hjá þér,
en bíddu bara góða
ég bíða skal þín hér."
Svo tautar hann við sjálfan sig,
"þú síðsta leikinn átt."
Hæ fallerafaddí rúllanræ
"hún bröltir niður brátt."

En Mikki mátti bíða
og músin engu kveið.
Þú heyra skalt hvað skeið
hjá skrögg er vikan leið
þó hungrið alveg ærð'ann
og enga veitti ró.
Hæfallerafaddí rúllanræ
hann datt um koll og dó.

Vorvindar glaðir

Sænskt þjóðlag. Þýðing: Helgi Valtýsson

dm
Vorvindar glaðir, glettnir og hraðir,
A dm A
geysast um löndin létt eins og börn.
dm

Lækirnir skoppa, hjala og hoppa,
A dm
hvíld er þeim nóg í sæ eða tjörn.

F C
Hjartað mitt litla hlustaðu á,
dm A

hóar nú smalinn brúninni frá.
dm

Fossbúinn kveður, kætir og gleður,
A dm
frjálst er í fjalladal.

Vögguvísa

Lag: Thorbjörn Egner. Þýðing: Kristján frá Djúpalæk

D
Dvel ég í draumahöll
A D
og dagana lofa.

Litlar mýs um löndin öll

A D
liggja nú og sofa.

G
Sígur ró á djúp og dal
D

dýr til hvílu ganga.
A bm

Einnig sofna skolli skal
G A D
með skottið undir vanga

Völuvísa

Lag: Auður Haraldsdóttir. Texti: Guðmundur Böðvarsson

am E am
Eitt verð ég að segja þér áður en ég dey,
C G
enda skaltu börnum þínum kenna fræðin mín,
C G C
sögðu mér það álfarnir í Suðurey,
G C

sögðu mér það dvergarnir í Norðurey,
F C
sögðu mér það gullinmura og gleym mér ey,
am E
og gleymdu því ei:
am

Að hefnist þeim er svíkur sína huldumey,
E am
honum verður erfiður dauðinn.

Öxar við ána

Lag: Steingrímur Thorsteinsson. Texti: Helgi Helgason

A
Öxar við ána
D E A
árdags í ljóma
D B E
upp rísi þjóðlið og skipist í sveit.
A
Skjótum upp fána,
B E
skært lúðrar hljóma,
H E H E
skundum á Þingvöll og treystum vor heit.
A
Fram, fram, aldrei að víkja!
D H E
Fram, fram, bæði menn og fljóð.
A
Tengjumst tryggðaböndum,
D
tökum saman höndum,
E E7 A D A
stríðum, vinnum vorri þjóð!

Það besta er lífið býður þér

Lag: Mozart. Texti: Margrét Jónsdóttir

D A D
Það besta er lífið býður þér,
G A
er bjartsýni, von og trú.
G A D
Og ástin sem af öllu ber,
A D
er öðlast getur þú.
D A D
.:Er öðlast getur þú.::

Það var einu sinni api

Lag: Marc Shaiman. Höfundur texta óþekktur

D G
Það var einu sinni api
A D
í ofsa góðu skapi
D G
hann þoldi ekki sultinn
A D
og fékk sér banana
G
Bananana!! Bananana!!
A A7 D
Bananana og bananana og bananana!!

Það er munur að vera hvalur

Lag og texti: Ólafur Haukur Símonarson

C em
Það er munur að vera hvalur
dm G
og geta siglt um sjóinn
C em
eins og skip, eins og skip,
dm G
eins og skip, eins og skip.
C em
Ég er stærsti hvalur í heimi
dm G C
og ég syndi um með merkilegan svip,
em dm
merkissvip, merkissvip,
G
merkissvip.

B F C
Alla fiska sem ég finn,

hvar sem er í hafinu,
B F C
Alla fiska sem ég finn,

hvar sem er í hafinu,
F G C
borða ég með munninum:

em dm
Ýsur og lýsur,
em dm
hámerar og vogmerar,
em dm
skrúplúrur og kolllúrur,
em dm
þyrsklinga og bristlinga;
em dm
hina snúandi og smjúgandi
em dm
dansandi og glansandi
C
ála, ála.

B F C
Alla fiska sem ég finn,

hvar sem er í hafinu,
B F C
Alla fiska sem ég finn,

hvar sem er í hafinu,
F G C
borða ég með munninum.

Það sem ekki má

Lag og texti: Sveinbjörn I. Baldvinsson

D A D
Það má ekki pissa bakvið hurð
Bm F#
og ekki henda grjóti oní skurð.

A
Ekki fara í bæinn
D
og kaupa popp og tyggjó,
E A A7
ekki nota skrufjárn fyrir sleikjó.

D A D
Það má ekki vaða út í sjó
Bm F#
og ekki fylla húfuna af snjó.

A
Ekki tína blómin,
D
sem eru úti' í beði,
E A
ekki segja ráddi, heldur réði.

D A G A
Þetta fullorðna fólk er svo skrítið,
D A G A
það er alltaf að skamma mann,
D A G A
þó maður geri ekki neitt.
G A D (A)
Það er alltaf að skamma mann.

D A D
Það má ekki skoða lítinn kall
Bm F#
og ekki gefa ketti drullumall.

A
Ekki skjóta pabba
D
með byssunni frá ömmu
E A A7
og ekki tína orma handa mömmu.

D A D
Það má ekki hjóla útí búð
Bm F#
og ekki gefa litla bróður snúð.

A /
Ekki fara að hlæja
D
þó einhver sé að detta,
E A
ekki gera hitt og ekki þetta.

D A G A
Þetta fullorðna fólk er svo skrítið,
D A G A
það er alltaf að skamma mann,

D A G A
þó maður geri ekki neitt.
G A D (A)
Það er alltaf að skamma mann.

Pungt ymur Þorrinn

Írskt lag . Ljóð: Jónas Árnason

D
Sestu hérna, sonur,
A D
sestu mér hjá
G
meðan þungt ymur þorrinn
A D
þekjunni á.

Þungt ymur þorrinn,
þrengir að með snjó.
Komdu og sestu hérna, sonur.
Þei, þei og ró.

Upp í ævistigann
árin bera þig;
sú kemur, kemur tíðin
að kveður þú mig

Hvert sem leið þín liggur
á landi eða sjó,
sýndu óvild engum manni
Þei, þei og ró.

Liggi lítilmagninn
lágt í öskustó
reisi hönd þín hann á fætur
þei þei og ró.

Engan órétt þödu;
aldrei láttu þó
þínu hjarta hatrið spilla
þei, þei og ró.

Þungt ymur þorrinn
þrengir að með snjó.
Komdu og sestu hérna, sonur
þei, þei og ró.

Þegar hnígur húm að þorra

Lag: C. M. Bellmann

Texti: Hannes Hafstein og Björn M. Olsen

D G
Þegar hnígur húm að þorra,
A D
oft ég hygg til feðra vorra,
G
og þá fyrst og fremst til Snorra,
A D
sem framdi Háttatal
D G D
sem framdi Háttatal
G A
sem framdi Háttatal
D G
og þá fyrst og fremst til Snorra,
A D
sem framdi Háttatal

Áður sat hann skýr að Skúla,
og þar skálda lét sinn túla,
::bæði um hann og Hákon fúla,
sem hirti frelsi vort::

Fögur knáttu gullker geiga,
sem að gaman væri að eiga,
::full af safu sætra veiga,
er sveif á alla drótt::

Snorri kallinn kunni að svalla,
og að kæta rekka snjalla,
::þegar húmi tók að halla,
í höllu Skúla jarls::

Og hann þoldi að þreyta bögur
og að þylja fornar sögur,
::já, allt fram til klukkan fjögur,
þá fór hann í sitt ból::

Samt frá hilmi heim hann stundar
út til helgrar fósturgrundar
::og sitt skip að búa skundar
það skáldmæringa val::

Þá kom bann frá herra Hákon,
sem var harður eins og Drákon.
::"Ég er hákon -," sagði Hákon,
"ég er hákonservatív"::

"Ég vil út! Ég vil út að bragði!
Ég vil út", þá kempan sagði.
::"Ég vil út," og út hann lagði
til Íslands sama dag::

Af því beið hann bana síðar,
fyrir buðlungs vélar stríðar.
::Síðan gráta hrímgar hlíðar
og holt um Borgarfjörð::

Íslands minni

Lag: Grétry Texti: Jónas Hallgrímsson

G C
Þið þekkið fold með blíðri brá
D G
og bláum tindi fjalla,
C
og svanahljómi, silungsá
D G
og sælu blómi valla,
B
og bröttum fossi, björtum sjá
em A D
og breiðum jökulskalla.
G C
Drjúpi hana blessun drottins á
D G
um daga heimsins alla.

Þýtur í laufi

Lag: Aldís Ragnarsdóttir.. Ljóð: Tryggvi Þorsteinsson

am dm
Þýtur í laufi, bálið brennur.
am E
Blærinn hvíslar: "sofðu rótt."
am dm
Hljóður í hafið röðull rennur,
am E am
roðnar og býður góða nótt.
G C
Vaka þó ennþá vinir saman
G C E7
varðeldi hjá í fögrum dal.
am dm
Lífið er söngur, glaumur, gaman.
am E am
Gleðin, hún býr í fjallasal.

Á jólunum er gleði og gaman

Spænskt þjóðlag. Ljóð: Friðrik Guðni

dm A
:/: Á jólunum er gleði og gaman
dm A dm
fúm, fúm, fúm. :/
F C F C
:/:Þá koma allir krakkar með
F A dm
í kringum jólatréð,
gm A
þá mun ríkja gleði og gaman,
dm A
allir hlæja' og syngja saman
dm A dm
fúm, fúm, fúm.:/:

:/:Og jólasveinn með sekk á baki
fúm, fúm, fúm.:/:

:/:hann gægist inn um gættina
á góðu krakkana,
þá mun ríkja gleði o.s.frv.:/:

:/:Á jólunum er gleði og gaman
fúm, fúm, fúm.:/:
:/: þá klingja allar klukkur við
og kalla á gleði og frið,
þá mun ríkja gleði o.s.frv.:/:

Fimm mínútur í jól

Lag: R.Miller. Ljóð: Margrét Pála Ólafsdóttir

A D
Er það brúða eða bíll -
A7
bók eða lest?
G
Þekkir einhver hér
A7
þennan jólagest,
D
sem læðist um með sekk
G
- lætur oní skó -
gm D
meðan lítil börnin
A D
sofa vært í ró.

A
Hvíldu höfuð hjótt.
D //
Hlustaðu, það kemur senn jólanótt.
G
Úti er snjór - úti er kalt -
E A
úti hljóma jólabjöllur yfir allt.

Bjart er yfir Betlehem

Enskt lag. Ljóð: Ingólfur Jónsson frá Prestbakka

D
Bjart er yfir Betlehem,
G A D
blikar jólastjarna.

Stjarnan mín og stjarnan þín
G A D
stjarnan allra barna.
A D
Var hún áður vitringum
G A D
vegjaljósið skæra.
A A7 D A
Barn í jötu borið var,
A7 D G D
barnið ljúfa, kæra.

Víða höfðu vitringar
vegi kannað hljóðir.
Fundíð sínum ferðum á
fjöldamargar þjóðir.
Barst þeim allt frá Betlehem
birtan undurskæra.
Barn í jötu borið var,
barnið ljúfa, kæra.

Barni gjafir gáfu þeir.
Blítt þá englar sungu.
Lausnaranum lýstu þeir,
lofgjörð drottini sungu.
Bjart er yfir Betlehem
blikar jólastjarna.
Stjarnan mín og stjarnan þín
stjarnan allra barna.

Bráðum koma blessuð jólin

Lag: W.B.Bradbury. Ljóð: Jóhannes úr Kötlum

D G A
Bráðum koma blessuð jólin,
em A D
börnin fara að hlakka til.
 G A
Allir fá þá eitthvað fallett
em A D
í það minnsta kerti og spil.

 bm
Kert'og spil, kert'og spil.
D G A D
Í það minnsta kerti og spil.

 G A
Hvað það verður veit nú enginn
em A D
vandi er um slíkt að spá.
 G A
Eitt er víst að alltaf verður
em A D
ákaflega gaman þá.

 bm
Gaman þá, Gaman þá.
D G A D
Ákaflega gaman þá.

Folaldið mitt...

Lag: Johnny Marks. Ljóð: Hinrik Bjarnason

G
Folaldið mitt, hann Fákur,
 D7
fæddur var með hvítan hóf,

og er hann áfram sentist
 G
öll varð gatan reykjarkóf.

Hestarnir allir hinir
 D7
hæddu Fák og settu hjá.

Í stað þess að stökkva í leikinn
 G G7
stóð hann kyrr og horfði á.

C G
Milli élja á jólakvöld
am D7 G
jólasveinninn kom:
D
"Fæ ég þig nú, fákurinn,
G A7 D7
fyrir stóra sleðann minn?"

G
Þá urðu klárar kátir,
 D7
kölluðu í einni hjörð:

"Fákur með fótinn hvíta
 G
frægur er um alla jörð."

